



Guðmundur Ólafsson

Bessastaðarannsókn II

Kirkjugarður og miðaldaminjar,
uppgriftarsvæði 12-15



Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2013

Guðmundur Ólafsson

Bessastaðarannsókn II

Kirkjugarður og miðaldaminjar,
uppgriftarsvæði 12-15

Reykjavík 2013

Þjóðminjasafn Íslands

Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2013/2

Ritstjóri: Steinunn Kristjánsdóttir

Ritnefnd:
Margrét Hallgrímsdóttir
Anna Lía Rúnarsdóttir
Bryndís Sverrisdóttir
Anna Guðný Ásgeirsdóttir

© Þjóðminjasafn Íslands og höfundur

Öll réttindi áskilin

Útgefandi: Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík

Umbrot og prentun: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja



ISSN 1670-3685

Forsíðumynd: Horft til vesturs yfir nyrsta hluta kirkjugarðsins sem kom í ljós undir heimkeyrslunni upp á bæjarhólinn. Hægra megin við miðju á myndinni sést grjótdreif úr gamla kirkjugarðsveggnum sem liggur eftir svæðinu endilöngu. Sigurður Bergsteinsson, fornleifafræðingur, fylgist með framkvæmdum (GÓL-1988-2-15).

Inngangur	5	4. KAFLI – GREININGAR	87
1. KAFLI – FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR OG UPPGRAFTARSVÆÐI	7	Gjóskulög	87
Hnitakerfi	7	Dýrabein	87
Starfsmenn	8	Skordýr	87
Uppgrافتarsvæði 12	8	Vínber frá miðöldum	88
Uppgrافتarsvæði 13	33	5. KAFLI – UMRÆÐA OG NIÐURSTÖÐUR .	89
Uppgrافتarsvæði 14	36	6. KAFLI – HEIMILDIR	91
Uppgrافتarsvæði 15	40	7. KAFLI – VIÐAUKAR	93
2. KAFLI – KIRKJA OG KIRKJUGARÐUR . .	67	The Textile Collection from the 1988 Bessastaðir Excavation	93
Kistur og grafir – flokkunaraðferðir	71	Textile catalogue	105
Kistugerðir	72	Skrá yfir grafir og líkkistur 1987 – 1988	110
Lega líksins í kistu	73	Fundaskrá 1988	113
Umbúnaður í kistu	74	Sýnaskrá 1988:	121
Umræða um grafir	75	Dipterous Taxa – Bessastaðir 1988	123
3. KAFLI – GRIPIR	77	Myndaskrá	127
Leirmunir	77	Teikningaskrá 1988	128
Gler	79	Sniðteikningar	129
Málmur	83	English summary	134
Leður	83		
Steinar	83		
Textílar	83		

Vorið 1987 var ráðist í umfangsmiklar endurbætur á Bessastöðum sem byrjuðu með viðgerð á Bessastaðastofu og endurnýjun á aðkeyrslunni framan við hana. Þá varð ljóst að ástand staðarins var miklu verra en talið hafði verið og að gagngerð endurnýjun staðarins væri nauðsynleg. Þetta varð upphafið að miklum framkvæmdum á Bessastöðum sem stóðu yfir til 1996. Þegar framkvæmdir hófust undir gólfi Bessastaðastofu var komið niður á leifar landfógetabústaðar konungsgarðsins og uppgötvaðist þá að bæjarhóllinn geymdi merkar fornleifar sem þyrfti að rannsaka áður en þær væru fjarlægðar (Guðmundur Ólafsson, 2010:22-23). Árið 1988 var ákveðið að skipta um jarðveg heimkeyrslunnar frá hliðinu norðan við kirkjuna að bílplaninu norðan við Bessastaðastofu (mynd 1). Vegagerð ríkisins sá um framkvæmdina og var Þjóðminjasafni Íslands, eins og árið á undan, falið að rannsaka svæðið með tilliti til fornleifa.

Framkvæmdasvæði 1988, sem er umfjöllunarefni þessarar skýrslu, var um 905 fermetrar að stærð og var skipt upp í fjögur uppgraftarsvæði. Upphaflega fengu svæðin bókstafsheitin L, M, N og O í framhaldi af auðkennum uppgraftarsvæða frá 1987, en við úrvinnslu rannsóknarinnar voru þeim gefin ný auðkenni til þess að fá samfellda númeraröð yfir öll uppgraftarsvæðin (U), sem urðu alls 62 talsins. Fengu þá svæðin númerin U12-U15. Gömlu heitin eru höfð með hér til skýringar vegna þess að þau koma fyrir í dagbókum og eldri skýrslum (sjá nánar Guðmundur Ólafsson, 2010:29-30).

Uppgröftur stóð yfir í fimm vikur haustið 1988, viku lengur en upphafleg áætlun hafði gert ráð fyrir. Hann hófst 10. september þegar fornleifafræðingar voru fengnir til að fylgjast með því er byrjað var að fjarlægja efstu jarðlögin af bílplaninu norðan við Bessastaðastofu. Yfirborð malbiks og steipt plata voru þar í 9,35 m hæð yfir sjávarmáli. Þar undir var allt að 0,8 m þykk uppfylling sem var þykkust norðaustast en þynnri eftir því sem vestar dró. Undir uppfyllingunni voru mikil móðskulög.

Á svæði U12 reyndust vera mjög miklar byggingarleifar og vel varðveitt mannvistarlög allt frá landnámsöld. Á svæði U13 var þykkur öskuhaugur, eins og á svæði U14, en þar var einnig komið niður á norðausturhorn kirkjugarðsins og 10 grafir. Á svæði U15 komu í ljós 65 grafir sem lágu í nyrsta hluta kirkjugarðsins. Uppgröftur stóð til 12. október.

Úrvinnsla rannsóknargagna hefur staðið yfir undanfarin ár og er þetta önnur skýrslan af fimm sem fyrirhugað er að gefa út um uppgroftinn. Skýrslan skiptist í sjö kafla. Í fyrsta kafla skýrslunnar er gerð grein fyrir framkvæmd uppgraftarins og uppgraftarsvæðunum (U12-U15) hverju fyrir sig. Í öðrum kafla er fjallað um kirkjuna, kirkjugarðinn og það sem í honum fannst. Í þriðja kafla segir frá helstu gripum sem fundust og í fjórða kafla er fjallað um greiningar á sýnum sem tekin voru við uppgroftinn. Í fimmta kafla er umræða um uppgroftinn og helstu niðurstöður dregnar saman. Heimildaskrá er í sjötta kafla og í sjöunda kafla eru viðaukar þar sem birtar eru skrár yfir fundi, sýni, líkkistur, teikningar og ljósmyndir. Þar er líka ítarefni sem hefur ekki birst áður, annars vegar grein um textíla frá Bessastöðum eftir Michèle Hayeur Smith og hins vegar skýrsla um skordýr af svæði U12 eftir Peter Skidmore.

Á þeim tíma sem liðinn er frá uppgroftinum hafa margir komið að úrvinnslu gagnanna. Fyrsta skal nefna fornleifafræðingana Sigurð Bergsteinsson og Agnesi Stefánsdóttur, sem unnu upphaflega grunnvinnu við að tölvuteikna kirkjugarðinn og grafirnar í forritið MapInfo út frá loftmyndum af svæðunum. Fleiri hafa síðan komið að tölvuskráningu rannsóknargagna, auk skýrsluhöfundar. Sérstakar þakkir fær Þjóðháttíðarsjóður, sem styrkti teiknivinnuna þrjú ár í röð. Sá stuðningur var ómetanlegur og skipti sköpum fyrir stafræna vinnslu rannsóknargagnanna og allan framgang verksins. Án þess hefði ekki verið mögulegt að ráða Önnu Rut Guðmundsdóttur, Hákon Jensson og Völu Gunnarsdóttur, bæði til þess að yfirfæra MapInfo skrárnar og vinna allar

viðbótarteikningar og gögn í forritin Intrasis og ArchView, sem öll úrvinnslan byggir nú á. Einnig ber að þakka framlag frá Vinnumálastofnun árið 2011, sem gerði Þjóðminjasafninu kleift að ráða Erlu Norðfjörð, tækniteiknara, til þess að hreinteikna jarðvegssnið Bessastaðarannsóknarinnar. Ágætt dæmi um þessar sniðteikningar má t.d. sjá í fjórum sniðum (T-1988-1 til T-1988-4)

af hliðum uppgraftarsvæðanna U12-U14. Þau gefa jafnframt mjög gott yfirlit yfir helstu mannvistarlög á norðanverðum bæjarhólnum. Þá lásu Steinunn Kristjánsdóttir, Anna Lís Rúnarsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir og Bryndís Sverrisdóttir handrit að skýrslunni af mikilli skarpskyggni og veittu ómetanlega ráðgjöf við gerð hennar.

1. kafli – Framkvæmd rannsóknar og uppgriftarsvæði


Uppgröfturinn mótaðist fyrst og fremst af eðli framkvæmda og miðaðist við hversu vítt og djúpt þurfti að grafa til þess að hægt væri að skipta um jarðveg undir veginum. Vegna framkvæmdahraðans reyndist ekki gerlegt að mæla upp eða haga uppgrefti eins og æskilegast hefði verið. Ljósmyndurnar Þjóðminjasafnsins var því notaður til þess að taka yfirlitsmyndir af uppgriftarsvæðunum, sem grunnteikningar voru síðar byggðar á. Það flýtti mjög fyrir allri vinnu á vettvangi, en lengdi á móti til muna þann tíma sem fór í að vinna úr gögnunum.

Uppgriftarsvæðin U12-U15 voru aðgreind með um 1 m breiðum jarðvegsbálkum. Snið þessara jarðvegsbálka voru öll mæld upp og teiknuð (sjá T-1988-1 til 4). Uppgriftarsvæði 12 var austast og norðan við Bessastaðastofu, uppgriftarsvæði 13 var bílastæði þar vestanvið, uppgriftarsvæði 14 var vestan við U13. Uppgriftar-

svæði 15 var vestast og lá undir heimkeyrslunni, frá hliði og upp á bæjarhólinn (mynd 1).

Hnitakerfi

Byggt var á staðbundnu hnitakerfi sem sett hafði verið árið 1987. Kerfið gekk út frá framhlið Bessastaðastofu sem myndaði Y-ás, sem hækkaði til norðurs og suðurhlið hússins myndaði X-ás kerfisins, sem hækkaði til vesturs. Suðvesturhorn Bessastaðastofu hafði samkvæmt þessu kerfi hnitin X200/Y110. Við tölvuteikningu gagna í Intrasis varð að víxla hnitunum og setja mínus (÷) framan við Y hnitin, þannig að SV-hornið fékk nú hnitin X110/Y÷200. Í úrvinnslu kom einnig í ljós að um 0,3 m hliðrun til norðurs reyndist vera á kerfinu milli ára sem þurfti að leiðrétta (sjá nánar í Guðmundur Ólafsson, 2010:8-12).



Mynd 1. Uppgriftarsvæðin U12-U15, sem rannsókuð voru árið 1988, þegar skipt var um jarðveg undir heimkeyrslunni norðan við kirkju og Bessastaðastofu. Svæðin voru alls um 905 m². Sniðin fjögur sem teiknuð voru af skurðbökkum svæðanna eru merkt sem rauðar línur með svörtum örvum á endunum.



Mynd 2. Mynd af sex starfsmönnum við uppgröftinn á Bessastöðum árið 1988.

Starfsmenn

Guðmundur Ólafsson deildarstjóri fornleifa-deildar Þjóðminjasafns Íslands stjórnaði uppgræftinum. Í töflunni hér að neðan kemur fram hverjir störfuðu við rannsóknina og hvenær.

Uppgraftarsvæði 12

Svæði U12 lá norðan við Bessastaðastofu, um 1 m frá norðurgaffli og 0,85 m vestan við bílskúr sem þá stóð á svæðinu. Það var 18,1 m langt og 9,5 m breitt, eða um 172 m². Útlínur uppgraftarsvæðisins markaðist af hnitunum: X132,2/Y÷190,3 til ÷199,5; X150,2/Y÷190,6 til ÷200. Snið austurbakka (T-1988-1) og vesturbakka svæðisins (T-1988-2) voru mæld og teiknuð.

Yfirborð svæðisins við landnám var í um 5,8-6,0 m hæð yfir sjó og hallaði niður til norð-

urs. Yfirborð árið 1988 var í um 9,3 m.y.s., þannig að mannvistarlögin sem hlaðist höfðu upp frá landnámi voru allt að 3,5 m að þykkt. Að stórum hluta tilheyrðu þau þykkum öskuhaug sem var að mestu rauðbleik móaska sem fallið hafði til við brennslu vegna upphitunar og eldunar. Mór var augljóslega algengasti eldiviðurinn því að viðarkol sjáust aðeins í litlum mæli, nema í elstu mannvistarlögunum. Oft var móaskan blönduð mold, sem var ýmist fokmold eða leifar úr byggingum. Lögin í öskuhaugnum voru ekki skráð í fleti, en þykkt þeirra má sjá í sniðum T-1988-1 og T-1988-2.

Miklar mannvirkjaleifar fundust auk þessa á suðurhelmingi svæðisins. Þannig voru mjög skýr skil við hnitálínuna X139,5 þar sem norðurmörk mannvirkja virtust liggja. Þau voru öll hlaðin úr torfi og grjóti og virtust hafa verið reist skömmu eftir landnám. Um 1,7 m djúpur og 0,7 m breiður lagnaskurður sem grafinn hafði verið skáhallt yfir svæðið hafði valdið nokkru raski og rofið samhengi yngri minja.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir byggingarhlutum sem skráðir voru á svæðinu. Hverri skráðri einingu, t.d. hleðslu, vegg eða mannvistarlagi var gefið hlaupandi númer á eftir svæðisnúmerinu, t.d. 12.1, 12.2, 12.3 o.s.frv. Einnig var leitast við að tengja saman fleiri einingar og mynda hús eða mannvirki og tímasetja þau á nokkrum skýringarkortum af svæðinu. Intrasis númer viðkomandi eininga eru innan hornklofa (sjá bls. 12-29).

Fjögur gjóskulög fundust á svæði U12:

1. *Landnámslagið* fannst hér ekki í eiginlegu landnámsyfirborði og hefur e.t.v. lent í torfi þegar efni var rist í fyrstu hús svæðisins, sem stóðu nokkru austar og sunnar á bæjarhólnum. Fljót-

Elísabet Guðmundsdóttir, nemi	10.9.-12.10.1988
Guðmundur Ólafsson, stjórnandi	10.9.-17.10.1988
Guðný Gerður Gunnarsdóttir, þjóðfræðingur	10.9.-12.10.1988
Kristinn Magnússon, fornleifafræðingur	10.9.-12.10.1988
Mjöll Snæsdóttir, fornleifafræðingur	10.9.-12.10.1988
Nína Helgadóttir, mannfræðinemi	13.9.-14.9.1988
Sigurður Bergsteinsson, fornleifafræðingur	10.9.-18.10.1988
Þorkell Grímsson, fornleifafræðingur	13.9.-16.9.1988
Guðrún Larsen, jarðfræðingur, tók sýni úr gjóskulögum	15.9.1988

lega var þó farið að nota svæðið, fyrst hugsanlega til ræktunar, síðan undir ýmis konar byggingar. Slitrur af landnámslaginu fundust hins vegar í torfusneplum í sniði T-1988-1 (lag 58).

2-3. *Miðaldalagið* lá yfir stóran hluta svæðisins. Nyrst var það um 6-8 cm yfir óhreyfðum jarðvegi. Við vesturbakkann var það í um 6,0-6,2 m.y.s. en við austurbakkann var það frá 6,3-7,9 m yfir sjó, sem sýnir rúmlega 1,5 m jarðvegsþykkun á austurhluta svæðisins á þessum fyrstu öldum. Hér var líka unnt að greina milli tveggja gjóskulaga úr eldgosahrinunni sem Miðaldalagið kemur úr. Neðra gjóskulagið (lag 41) sem er allt að 7 mm þykkt er talið vera frá 1226 en efra gjóskulagið (lag 40) sem er um 1 mm þykkt, er frá 1231. Allt að tveggja cm þykkt móöskulag var á milli gjóskulaganna sem sýnir vel hversu hröð jarðvegsþykkunin var í öskuhaugnum á þessum tíma.

4. *Aska úr Kötlu* sem féll skömmu fyrir aldamótin 1500 (*K~1500*) lá líka yfir stóran hluta svæðisins. Lagið var allt að 6 cm þykkt og var í 6,2-7,5 m hæð yfir sjó að vestanverðu en í um 8 m.y.s. að austanverðu.

Ljóst er að á svæði U12 var samfelld byggð í nokkrar aldir á fyrri hluta miðalda. Þegar K~1500 féll var hins vegar öskuhaugur nánast á öllu svæðinu. Fjöldi byggingarhluta frá miðöldum benti til þess að breytingar og endurbætur á húsum hafi verið mjög tíðar og að mannvirkin hafi verið nánast í stöðugri endurnýjun. Þar sem svæðið var ekki rannsakað að fullu urðu minjarnar og upplýsingar um samhengi þeirra mjög brotakenndar. Allt þetta hefur valdið því að afar erfitt var að fá skýra mynd af byggingarsögulegri þróun svæðisins en vafalaust má túlka og tengja saman einstakar byggingareiningar á mismunandi vegu.

Mikil slagveður gengu yfir þegar verið var að rannsaka svæði U12, sem gerði alla teiknivinnu og myndatökur erfiðar, ekki síst þegar þurfti að ljósmynda í miklu roki úr ljósmyndaturninum. Reynslan sýndi að slík loftmyndataka væri að mörgu leyti mjög gagnleg til þess að fá yfirlitsmyndir af minjum og minjasvæðum, en að hún kæmi ekki í staðinn fyrir hefðbundna uppmælingu á vettvangi. Við jafn flókinn uppgröft og fram fór á Bessastöðum varð þetta sérlega



Mynd 3. Mjöll Snæsdóttir og Kristinn Magnússon mæla upp fyrstu steinhleðsluna 12.1 sem í ljós kom á svæði U12, vestan við bílskúrinn sem sést í baksýn.



Mynd 4. Horft til austurs yfir suðurhluta uppgraftarsvæðis U12. Við suðurbakka svæðisins hér til hægri sést í steinaröð og undirstöður veggjarhleðslu 12.2 sem er líklega frá 18. öld. Hrúga af smásteinum 12.7 er í móöskulagi, ofarlega á miðri mynd. Jarðlög í suðurhluta sniðs T-1988-1 sjást í skurðbakknum ofarlega á myndinni. Þykka dökka lagið, neðarlega í sniðinu, er frá miðöldum.

bagalegt. Skortur á grunnteikningum, ekki síst af hinum áhugaverðu miðaldaminjum á svæði U12 jók því á erfiðleikana við að túlka og greina samhengi mannvistarlaga og byggingarhluta síðar meir. Hér að neðan verður greint frá helstu minjum og mannvistarlögum svæðisins og reynt að finna innbyrðis samhengi þeirra og aldur út frá fyrirliggjandi gögnum.

Helstu mannvirki og mannvistarlög á svæði U12

Þegar byrjað var að hreinsa ofan af móöskulaginu á austasta hluta svæðisins kom fljótlega í ljós einföld steinaröð um 2 m vestan við bílskúrinn (mynd 3). Hún var um 2,7 m að lengd og virðist ekki vera í neinum tengslum við aðrar hleðslur á svæðinu. Hæð steinaraðarinnar yfir sjávarmáli er um 8,8 m. Nokkrir torfblettir voru þar nokkru vestar og var í þeim gulleitt torf og dökkleitt gjóskulag. Sýni (S-1988-213-1) var tekið úr því til greiningar.

Allmikið fannst af gripum og beinum í efri lögum móöskuhaugsins, á um 0,5-0,8 m dýpi. Flestir gripirnir voru frá tímabilinu 1700-1900.

Þegar neðar dró fækkaði gripum og rétt yfir og undir K~1500 einkenndust mannvistarlögum af mjög dökkum, þéttum jarðvegi. Þar reyndust varðveisluskilyrði vera mjög góð og fundust einstaklega vel varðveittar lífrænar leifar, m.a. af textílum, leðri, viði og skordýrum. Fleiri slitróttar leifar fundust af mörgum hleðslum og mannvistarlögum frá landnámsöld og fram til 1500. Afar erfitt var að átta sig á innbyrðis samhengi þeirra því að mannvirki á þessum stað virtust hafa skipt oft um hlutverk á tímabilinu og þá verið breytt, t.d. þannig að veggir voru rifnir að hluta eða færðir til.

Þegar grafinn var skurður niður á fast meðfram austurhlið svæðisins framan við snið T-1988-1, var komið niður á leifar af hleðslum syðst. Þar var bæði steinaröð og torf með gulleitum jarðvegi á um 0,5-0,6 m dýpi.

Um 2 m norðan við miðja Bessastaðastofu, á svæði X134 til 136/Y÷196 kom í ljós hrúga af hnefastórum, eldbrunnum steinum og var rauðbrunnin mold í kring. Hrúgan var um 0,2 m þykk og hafa steinarnir hugsanlega verið hitasteinar,


sem voru t.d. notaðir til að hita upp vatn og ýmist lagðir í seyði, eldstæði eða á ofn og hitaðir. Yfir hitasteinunum og umhverfis þá að vestan og norðan var einhvers konar torfhleðsla með gulleitu torfi sem í var gráleit óskilgreind gjóska. Undir steinunum var viðarkolalag. Yfirborð þess var á um 8,47 m hæð yfir sjávarmáli.

Leifar af torfhleðslum, sem í var Kötlu-gjóska, fundust víða á norðurhluta svæðisins, en ekki var hægt að staðsetja nákvæmlega gólf eða aðrar byggingarleifar sem torfið var úr. Þær byggingar virtust því flestar hafa staðið utan svæðisins. Hér að neðan er lýsing á mannvirkjum og mannvistarlögum sem skráð voru á svæði U12. Intrasis númer viðkomandi einingar er haft innan hornklofa.

Einingaskrá

12.1 Steinaröð [323] var 2,7 m löng og lá frá suðvestri til norðausturs neðst í uppfyllingu á 0,6 m dýpi. Steinarnir voru í 8,77-8,84 m hæð yfir sjó. Þeir voru frá 0,3-0,5 m að stærð og snéri steinaröðin öðruvísi en aðrar hleðslur á svæðinu þannig að ekki var hægt að tengja hana við nein önnur mannvirki.

12.2 Steinaröð [324] syðst á uppgraffar-svæðinu lá í austur-vestur og var upphaflega a.m.k. rúmlega 6 m löng. Steinarnir, sem voru í um 8,5-8,6 m hæð, voru flestir um 0,2-0,3 m stórir og framhlið steinaraðarinnar snéri mót suðri. Það bendir til þess að hún hafi verið undirstaða á innri brún torfveggjar. Engir steinar fundust við ytri veggjarbrún norðurhliðarinnar og var veggurinn þar væntanlega hlaðinn úr torfi eingöngu. Hvorki fundust leifar eftir sjálfan torfvegginn né gólf sem hægt var að tengja við vegginn. Afstaðan bendir til þess að steinaröðin sé nokkru eldri en Bessastaðastofa, líklega frá fyrri hluta 18. aldar. Hugsanlega var hún hluti af torfvegg sem lá frá austurgaffli norðurálmú konungsgarðsins, og afmarkaði svæðið framan við portið norðan við fógetabústaðinn, eða leifar af húsi [131] sem lá rétt utan við norðurgaff Bessastaðastofu. Steinaröðin hefur þá verið undirstaða í innri veggjarbrún og tilheyrir norðurvegg hússins. Í suðurbakkanum sést að grjóthleðslan hefur líklega verið tvö til þrjú lög (mynd 6-7).



Mynd 5. Nærmynd af sniði T-1988-1, sem sýnir hið tvískipta miðaldalag í þykkum móöskuhaug. Neðri hluti lagsins (lag 41) er hér 7 mm að þykkt og er frá 1226. Efri hlutinn er örþunn linsa um einum til tveimur cm ofar (lag 40) og mun vera frá 1231. Svarta rákin ofan við gjóskulögin er þunnt viðarkolalag efst í lagi 42.

12.3 Steinhringir [325] rétt norðan við steinaröð 21.1 og hugsanlega hluti af henni. Steinhringirnir, sem voru í um 8,7-8,9 m hæð, voru fjórir talsins og um 0,5-0,9 m í þvermál. Steinunum virtist hafa verið raðað þannig að þeir mynduðu óreglulegan hring utan um 0,2-0,3 m breiða miðju. Líklega var steinunum komið svona fyrir til að styðja við tréstólpa. Bilið á milli hringjanna var misbreitt, frá 1 m upp í 1,7 m.

12.4 Steinhleðsla [326] sem lá í suðvesturhorni svæðisins með áttavisun í norður-suður. Hleðslan var upphaflega talin vera frá 15. öld. Norðurendinn virðist beygja til vesturs og fer þar inn í snið T-1988-2. Þar sást hún sem



Mynd 6. Horft ofan á hringlaga steinaröð 12.3 sem hefur hugsanlega verið hluti af stoðarholu við enda steinaraðar 12.2 sem lá norðan við Bessastaðastofu á svæði U12.

veggur 27 sem lá undir K~1500, í um 7,5-7,7 m.y.s. Þegar aldursgreining á textílút (Þjms 1988-213-224), sem fannst við snið T-1988-2, rétt vestan við hleðsluna, reyndist vera frá 11. öld, benti það jafnframt til þess að hleðslan gæti verið hluti af mun eldra mannvirki en upphaflega var talið (sjá bls. 93-94). Ef textílúturinn hefur legið í neðsta hluta gólfsins í mannvirkinu gæti það upphaflega hafa verið reist á svipuðum tíma og hleðslur 12.10-12.12, eða á fyrri hluta miðalda. Mannvirkið hefur að mestu leyti legið vestan við svæði U12 og hæð hleðslunnar benti til að mannvirkið hafi staðið mjög lengi á þessum stað og jafnvel verið endurbyggt nokkrum sinnum.

12.5 Steinhleðsla [327] er U-laga steinaröð sem liggur inn undir suðurbakka svæðis U12, í um 7,5 m.y.s. Ekki er ljóst hvort þetta eru leifar af undirstöðum undir gólfbita, eða hluti af veggjahleðslu. Hleðslan er yngri en hleðslur 12.4 og 12.6, sem lágu sín hvoru megin við hana. Allar þessar hleðslur lágu undir K~1500.

12.6 Steinaröð [328] lá í norður-suður, í um 7,8 m.y.s. Norðurendi steinaraðarinnar beygði til

vesturs og myndaði horn. Hún er eldri en hleðsla 12.5 og lá undir K~1500.

12.7 Smásteinalag [6127], um 1,7 x 1 m að stærð. Hrúgan var um 0,2-0,3 m þykk, í um 8,35-8,55 m.y.s. Lagið var í svipaðri hæð og viðarkolalögin í 12.27, sem gætu hafa verið hluti af gólfskán í húsi (mynd 9). Í laginu voru margir eldbrunnir um 0,1-0,2 m stórir steinar, hugsanlega hitasteinar úr eldstæði eða ofni, þó að slíkt fyndist ekki. Ekki er þó útilokað að einhverjir steinanna hafi tilheyrt seyði í gólfinu, eins og sniðið á mynd 8 bendir til.

12.8 Steinaröð [329] sem lá í norður-suður, í um 7, 8-7,9 m hæð yfir sjó. Hún virtist vera allt að 4,5 m löng, einföld og var fremur gisið á milli steinanna, sem voru allt frá 0,1-0,8 m að stærð. Hún endar að norðan við fjölinu 12.18 og steinhleðsluna 12.15.

12.9 Steinaröð [330] sem lá í norður-suður, syðst á svæði U12 í rúmlega 8 m.y.s.

12.10 Steinaröð [331] norðvestast á svæði U12. Steinaröðin lá í norður-suður og var í 7,3-7,4 m.y.s. Hún virtist liggja yfir steinaröð 12.11 og gæti verið aðeins yngri en hún. Miðaldalagið



Mynd 7. Torfveggur 12.29 er að koma í ljós undir steinaröð 12.2 til hægri, sem snéri innri veggjarbrún í suður. Vinstra megin fyrir miðri mynd sést sótt í móöskugryfju og austan við hana er ljósbrún torfhleðsla.


lá yfir þessari steinaröð og er hún hluti af mannvirki frá miðöldum. Einnig lá K~1500 um 0,4-0,5 m yfir hleðslunni.

12.11 Steinhleðsla [332] sem lá í austur-vestur og gæti verið hluti af mannvirki 50 sem sést í sniði T-1988-2. Hleðslan var í 6,8-7,2 m.y.s. Í hleðslunni voru fremur litlir steinar sem mynduðu röð sem snéri framhlið til norðurs. Sunnan við voru leifar af torfi sem var undir stórum steinum í röð 12.10 og tilheyrði því líklega þessum vegg. Þetta gætu því hafa verið veggjaleifar húss sem lá inn undir vesturbakka uppgraftarsvæðisins. Mjög mikið af lífrænum minjum fannst í og við þetta mannvirki. Miðaldalagið lá yfir þessari steinaröð og einnig lá Kötflugjóska um 0,4-0,5 m yfir henni. Þetta er því hluti af mannvirki sem er hugsanlega frá 10. eða 11. öld og gæti verið það elsta sem fannst á þessu svæði.

12.12 Steinaröð [333], 0,3-0,7 m stórra steina, sem lá í austur-vestur á norðurhluta svæðisins. Hún var í 7,3 m.y.s. og lá ofan á steinum í 12.11. Miðaldalagið lá yfir þessari steinaröð og er hún hluti af mannvirki frá miðöldum þó að hún virðist hafa tilheyrt aðeins yngra bygg-



Mynd 8. Hríga af steinum 12.7 í öskuhaug norðan við Bessastaðastofu. Sótugir steinarnir hafa hugsanlega verið notaðir sem hitasteinar í ofni eða seyði. Að baki þeirra sést í gulleitt torf 12.29, með þykkum svörtum gjóskulinsum. Neðri myndin sýnir að undir steinahrúgunni var viðarkolalag.



Mynd 9. Samsett flatarteikning af öllum skráðum hleðslum og mannvistarlögum á svæði U12. Hver einstök eining er auðkennd með sérstökum lit til aðgreiningar. Nánari lýsing á einingunum er í texta á bls. 11-19.

ingarskeiði en hleðsla 12.11. Hún er hugsanlega samtíma steinaröð 12.10 og gæti verið dæmi um viðgerð eða endurbætur á eldri veggjarhleðslu. K~1500 lá um 0,4-0,5 m yfir hleðslunni.

Bæði steinaraðir 12.10 og 12.12 einkenndust af mjög stórum steinum sem gætu hafa verið undirstöður torf/moldarveggs. Hugsanlega hafa steinaraðir 12.6, 12.14 og 12.15, tilheyrt innri veggjarbrún þessa sama húss, þó að þær séu að jafnaði úr smærra grjóti. Á vesturhlið var inngangur sem markaðist af tveimur stórum steinum. Inni í þessu húsi var þykkt svargrátt lag 12.24 [6547] um 0,4-0,5 m þykkt.

12.13 Steinaröð [334] sem lá í norður-suður. Steinarnir voru hver um sig um 0,2-0,35 m að stærð. Röðin var tveggja metra löng á um 6,95-7,2 m yfir sjó og lá upp að 12.12 og er líklega frá svipuðum tíma og hún.

12.14 Hellulögn [335] lá í norður-suður á miðju svæði U12, í um 7,35 m hæð yfir sjó, en hvarf inn undir svæði sem ekki var grafið niður á. Steinarnir voru um 0,2-0,5 m að stærð og hafa líklega verið hluti af innri veggjarbrún miðalda-byggingar.

12.15 Steinaröð [336] lá í austur-vestur við hnitin X138/Y=192 til Y=196, í um 7,7 m hæð yfir sjó. Steinarnir voru 0,45-0,7 m að stærð. Að austanverðu virtist steinaröðin vera tvöföld og allt að 1,2 m að breidd. Austan við hana voru nokkrir steinar á dreif sem gætu hafa tilheyrt sama húsi. Um 0,25 m breitt op eða renna virtist vera í gegnum miðja hleðsluna. Henni mátti fylgja áfram til suðurs þar sem hún virtist breikka nokkuð og varð mest 0,7 m breið, á milli steinraðanna 12.8 og 12.22. Neðst í rennunni var móaska og sótlag 12.36, sem lá vestur undir vestari hleðslustein rennunnar. Hugsanlega hefur rennan upphaflega verið breiðari, eða um 1 m að breidd, og þá verið inngangur á norðurhlið. Steinaröðin lá undir K~1500 gjóskulaginu og undir torfi 12.17 [6068].

12.16 Steinhleðsla [337] í 7,1-7,2 m.y.s. við suðurenda steinaraðar 12.10. Í henni er 0,55 x 0,8 m flöt, eldbrunnin og sundursprungin hraunhella. Undir henni, nálægt miðju húsi, var um 3 cm þykkt rauðbleikt móöskulag. Þar undir var um 6 cm þykkt kolsvart lag sem hefur væntanlega

tilheyrt elsta mannvirkinu á þessu svæði. Neðsta mannvistarlagið þarna var hins vegar grátt, 1-2 cm þykkt lag sem lá undir svarta laginu og ofan á óhreyfðri mold. Hugsanlega var húsið með hraunhellunni grafið lítilla niður, eða um 30-40 cm. Hellulögn eða hleðsla úr flötum steinum sem tilheyrðu líklega gólfi þar austan við, benda til þess. Í þeirri hellulögn var steinn með boruðu gati sem minnti helst á steinakkeri (stjóra). Dökkgráa mannvistarlagið 50 var allt að 50 cm þykkt yfir flötu hellunni inni í þessari rúst. „Helluhúsið“ er því með elstu byggingum á staðnum.

12.17 Torf [6068], ljósgult. Líklega eru þetta leifar af torfvegg úr mannvirki frá miðöldum, um 7,4 m.y.s. Syðri hluti torfsins virtist vera meira blandaður og gæti verið hrun úr vegg.

12.18 Viðarleifar [6090], við suðurhlið veggjar 12.15 var grafinn fram hluti af fjöl 12.18, sem gæti hafa verið leifar af þili, eða undirstöðum að þili. Hún var 17 cm breið og um 3,5 cm þykk og lá þvert fyrir um 0,3 m breiða rennu sem er í hleðslu 12.15. Dálítið hak eða úrtak var á efra horni hennar. Brunablettir voru á efri hluta borðsins. Við austurenda fjalarinnar og norðan við hana, var 3,5 x 9 cm þykkur planki sem stóð lóðrétt ofan í jörðina. Plankinn bar þess greinileg merki að hafa lent í bruna. Efsti hluti hans var kolaður og allur sviðinn. Móaska sem lá að honum náði allt að 0,1 m upp fyrir hann. Þar vestan við voru leifar af öðru borði sem var með gati í og voru einnig brunablettir á því. Heildarlengd viðarleifanna var um 2 metrar. Hugsanlega voru þetta leifar af veggklæðningu húss sem kviknað hafði í (myndir 15 og 16, Þjms 1988-213-315).

12.19 Fjöl [6089] var 0,36 m löng og 0,14 m breið, en hafði upphaflega verið lengri. Hún lá rétt sunnan við fjöl 12.18 og var í 7,73 m hæð. Um 0,1 m austan við hana lá önnur fjöl [6092] sem var um 0,21 x 0,11 m að stærð. Hún lá í austur-vestur og hefur hugsanlega tengst fyrri fjölinni. Hlutverk þessara viðarleifa er ekki þekkt.

12.20 Fjöl [6186] var 0,88 m löng og 0,11 m breið. Hún lá í austur-vestur á milli tveggja steinraða 12.8 og 12.22 í 7,79 m hæð og gæti hafa verið þröskuldur.

12.21 Fjöl [6195]. Viðarleifar þessar voru á 7,79 m dýpi. Þær voru mjög morknar og illa



Mynd 10. Horft til suðvesturs yfir svæði U12. Fremst á myndinni er veggjarhleðsla 12.15, sem liggur frá austri til vesturs. Hleðslan er líklega frá 11.-12. öld og á miðri hleðslu er rof eða mjór inngangur. Í baksýn eru leifar af hleðslum, viðarleifum og gólfskán sem gætu tengst þessu sama húsi. Hægra megin við rörið sést í eldri byggingarleifar 12.10, 12.11 og 12.12, rétt austan við snið T-1988-2.

varðveittar. Útlínur viðarleifanna voru því óvissar en sýnileg lengd var um 0,65 m og breiddin um 0,18 m. Þetta gætu þó hafa verið leifar af einu eða fleiri gólfborðum.

12.22 Steinaröð [338] sem lá í norður-suður í um 7,8 m.y.s. Steinarnir voru 10-35 cm að stærð.

12.23 Steinaröð [339] sem lá í norður-suður á suðausturhluta svæðisins, í 7,3-7,5 m.y.s.

12.24 Svart leirlag [6547]. Dökk, fitukennd gólfskán með móöskulinsum. Lagið virtist hafa verið inni í húsi, líklega í miðaldahúsi, og lá upp að vesturhlið þess og út um inngang á veggnum til vesturs. Ekki var grafið niður að laginu í austurhluta hússins. Lagið var svargrátt að lit og allt að 40-50 cm þykkt. Tekið var sýni (S-1988-15) fyrir skordýragreiningu úr þessu lagi, við hnitin X134/Y÷196. Hæð yfir sjávarmáli var 7,67 m, eða um 1,7 m undir yfirborði. Lagið náði ekki alveg út að veggjum, en virtist þynnast út og hverfa um 0,2-0,9 m frá næstu grjótveggjum. Sennilega hefur gólfið í húsinu verið niðurgrafið. Mjög mikið af leðri og lífrænum efnum, m.a. ull-

ar- eða hrosshársflyksnum var í efri hluta lagsins og neðst í því var mikið af berki af birkigreinum og smágerðum hrísviði. Sýrustig gólflagsins var mælt og reyndist pH-gildi þess vera 6,4, sem er hagstætt fyrir varðveislu ofangreindra efna.

12.25 Viðarkolablettur [6230] sem var fyrir miðju, syðst á svæði U12. Hann var ferhyrndur og 0,37 m í þvermál. Hæð yfir sjávarmáli var 7,75 m.

12.26 Móöskublettur [6128] á suðurhluta svæðis U12 norðaustur af smásteinahrúgu 12.7 [6127]. Hann var um 1,6 x 0,9 m að stærð og í 8,46-8,49 m hæð yfir sjó.

12.27 Viðarkolalag [5822] um 1,2 x 0,8 m að stærð. Lagið var í um 8,75 m.y.s. og líklega frá sama tíma og viðarkolalög 12.30 og 12.31.

12.28 Móöskulag [6232] var 1,5 x 1 m að stærð og lá undir steinaröð 12.5 og náði að steinaröð 12.6 í 7,4-7,5 m.y.s.

12.29 Torf [6138] sem virtist vera leifar af torfhleðslu í suðvesturhorni svæðis U12. Hleðslan var 4 m löng og 1,25 m breið. Yfirborð

Mynd 11. Horft til norðurs eftir miðju svæði U12. Dökk gólfskán er í forgrunni og liggur í átt að veggjarhleðslu 12.12. Vinstra megin eru leifar af gisinni steinaröð 12.8. Á miðri mynd sjást viðarleifar 12.20 og aðeins fjær sést rofið í veggjarhleðslu 12.12. Neðarlega til vinstri eru ógreinilegar viðarleifar 12.21.

hennar var í 8,2-8,3 m.y.s. og virtist hafa legið í suðvestur-norðaustur, en hún var sundurskorin af lagnaskurði og því var erfitt að sjá hvort þetta var upphafleg stefna.

12.30 Viðarkolalag [5823] syðst á svæðinu, um 1,8 x 1,25 m stórt og lá að smásteinalagi 12.3. Hæð yfir sjávarmáli var 8,76-8,84 m. Eins og hæðartölurnar sýna voru lögin í svipaðri hæð og steinaraðirnar 12.2, 12.3 og smásteinalagið 12.7 sem bendir til þess að þessar minjar geti hafa verið frá svipuðum tíma. Undir viðarkolalaginu voru leifar af torfhleðslum úr rauðleitu og dökkbrúnu mýrartorfi 12.29 [6138] (sjá mynd 20).

12.31 Viðarkolalag [5825] sem var 2,7 x 1 m að stærð, fyrir miðju svæði U12 og nyrsta




Mynd 12. Loftmynd af veggjarhleðslum 12.8, 12.12 og 12.14, og viðarleifum 12.18-12.20 á svæði U12. Ofarlega til vinstri sjást leifar af torfhleðslu 12.17.



Mynd 13. Horft til austurs. Stóri steinninn á miðri mynd er hluti af steinaröð 12.8. Ofar á myndinni er samsíða steinaröð minni steina 12.22. Efst til hægri er hluti af hellugólfi 12.23 sem liggur inn undir ógrafið svæði. Yfir hellunum er sótsvart mannvistarlag. Neðst er einnig sótsvart mannvistarlag 12.24 af gólfi mannvirkis sem stóð þarna allt frá upphafi byggðar fram undir 1500.



Mynd 14. Horft til austurs yfir hluta af elstu mannvistarleifum svæðis U12. Fremst eru nokkrar gólfhellur 12.33. Undir þeim og yfir var sótsvart mannvistarlag, blandað viðarkolum. Í bakgrunni sést í sömu steinaraðir (12.8. og 12.22) og eru á mynd 13.



T-1988-27

Mynd 15. Skissa úr dagbók af viðarleifum 12.18 við suðurhlíð veggjar 12.15.

viðarkolalagið á svæðinu. Yfirborð lagsins var í 8,69-8,73 m.y.s. og er hugsanlega samtíma viðarkolablettum 12.27 og 12.30. Það var í svipaðri hæð og t.d. steinaröð 12.2 og smásteinalag 12.7 og gæti því verið frá svipuðum tíma. Sjá T-1988-8.

12.32 Viðarkolalag [6206] hefur ekki melda hæð á teikningu T-1988-9, en út frá öðrum steinum í kring má ætla að hæð lagsins hafi verið um 7,7 m.y.s.

12.33 Hellugólf [340] Nokkrar hellur sem virtust tilheyra einu elsta gólfinu á svæðinu. Svarta mannvistarlagið (12.24) er líklega þykk gólfskán sem myndaðist ofan á upprunalega hellugólfið.

12.34 Viðarleifar [6213], líklega leifar af fjöl. Þær lágu í gólflagi í um 7,9 m hæð og voru í svipaðri hæð og fleiri viðarleifar á þessu svæði. Utanmál voru 25 x 8 cm. Hlutverk óvísst.

12.35 Mannvistarlag [6129] sem var að mestu úr ljósbrúnum leir með öskuröndum. Greinileg skil voru á útlínum lagsins, en báðum

megin við það var torf og móaska. Lagið var 1,34 x 0,8 m að þvermáli og hæð lagsins yfir sjávarmáli var 8,07 m.

12.36 Móaska og sótlag [6331] sem lá neðst í rennu sem gekk í gegnum veggjahleðslu 12.15. Móöskulagið var allt að 0,6 x 1 m breitt við neðri brún steinanna, eða í um 7,3 m.y.s. og gæti annaðhvort bent til þess að opið í hleðslunni hafi upphaflega verið um 1 m breitt, eða að móöskulagið sé eldra en hleðsla 12.15. Sjá T-1988-9.

12.37 Viðarkolablettur [6077] undir hleðslu 12.15. Hann var um 0,5 x 0,35 m í þvermál og um 0,1 m þykkur. Hann var í 7,29-7,38 m.y.s. og um 1,4 m undir viðarkolalagi 12.31. Sýni S-1988-20 var tekið úr þessu lagi (Þjms 1988-351). Sjá T-1988-9.

Skipting minja eftir tímabilum

Upphaflega var reynt að skipta tímanum frá landnámi upp í tíu 100 ára tímabil, eins og gert var við sniðin til þess að skapa grófan tímaramma fyrir búsetusöguna. Þegar til kom reyndust of



Mynd 16. Viðarleifar 12.18, hugsanlega af þili og stoð, við innbrún veggjar úr torfi og grjóti. Horft er til norðurs. Nærmynd sýnir að efri hluti viðarins hafði brunnið. Á bak við viðarleifarnar sést op eða rás í gegnum hleðslu 12.15.



Mynd 17. Horft yfir miðaldahleðslur og mannvistarlög á svæði U12.

margir óvissuþættir ríkja um innbyrðis afstöðu minjanna á uppgraftarsvæði 12, ekki síst vegna þess að aðeins var grafið niður á eldri mannvistarlögum á hluta svæðisins. Niðurstaðan var að skipta minjunum niður í þrjú tímabil, og taka þar mið af gjóskulögum á svæðinu. Elsta tímabilið miðast því við minjar frá fyrstu byggð á svæðinu, frá um 900 og þar til Miðaldalagið féll um 1230. Næsta tímabil nær yfir minjar sem voru í notkun eftir það fram til um 1500 þegar Kötflugjóska lagðist yfir svæðið. Þriðja tímabilið nær yfir minjar sem eru yngri en 1500. Þó að ekki sé miðað við ákveðin ártöl þar á milli var reynt að raða hinum 37 skráðu minjum og mannvistarlögum í samræmi við innbyrðis afstöðu innan hvers tímabils eins og hægt er í greiningartöflu.

Minjar frá um 900-1230


Hér er einkum um að ræða brot af grjóthleðslum sem hafa tilheyrt nokkrum mannvirkjum frá fyrstu þremur öldum byggðar á Bessastöðum og sem lágu undir Miðaldalaginu. Þetta eru hleðsluleifar: 12.4, 12.10, 12.11, 12.12, 12.13, 12.15 og 12.16 ásamt viðarkola-

bletti 12.36 og móöskubletti 12.37. Á svæðinu sunnan við 12.12 var allþykkt mannvistar- eða sorplag sem ekki var skráð í fleti, en mun vera sama lag og sést í sniði T-1988-2, lag 40. Móaska 12.36 og viðarkol 12.37 voru hluti af þessu lagi. Hleðslur 12.10, 12.12 og 12.15 leggja grunn að mannvirkjum sem voru margnýtt. Sumar hleðslurnar hafa tilheyrt mannvirkjum sem voru lengi í notkun, eins og t.d. hleðsla 12.4, sem virtist hafa staðið fram undir 1500. Elsta hleðslan var 12.11, sem gæti hafa verið hluti af grjótgarði, sem hlaðinn var við norðurmörk fyrstu byggðar á Bessastöðum (mynd 18).

Minjar frá um 1230-1500

Eftirfarandi minjar lágu yfir Miðaldalaginu frá 1230 en undir K~1500: 12.4, 12.5, 12.6, 12.8, 12.14, 12.17, 12.18, 12.19, 12.20, 12.21, 12.22, 12.23, 12.24, 12.25, 12.28, 12.32, 12.33 og 12.34.

Þarna mátti greina leifar af a.m.k. sjö grjóthleðslum. Þær voru ekki allar frá sama tíma og því fremur ólíklegt að þær hafi tilheyrt sömu byggingu þó að ekki sé útilokað að þær séu hluti af viðgerðum eða endurbótum, gerðar á mis-



Mynd 18. Hleðslur sem lágu undir Miðaldalaginu. Sunnan við steinaröð 12.12 var allþykkt mannvistar-/sorplag. Það lá undir 12.15 og er líklega hið sama og lag 40 í sniði T-1988-2.

munandi byggingarskeiðum sama mannvirkis. Líklegra er samt að um sé að ræða leifar af tveimur til fjórum byggingum. Hægt er að túlka og tengja saman þessar hleðslur með ýmsum hætti. Hleðslur 12.6, 12.14, 12.8 og 12.22 geta hafa átt saman, þannig að 12.6 og 12.14 hafi myndað innri veggjarbrún í vesturhlið byggingar með inngang fyrir miðju. Þykka mannvistarlagið 12.24, sem hefur verið gólflag í húsi, bendir til þess að það hafi verið mjög lengi í notkun. Neðsti hluti þess gæti jafnvel verið frá 10. eða 11. öld. Þykkasti hluti þess er þó innan hleðslanna 12.6, 12.14 og 12.8 og teygir sig til vesturs, þar sem op eða inngangur virðist hafa verið í vesturvegginn. Hugsanlega var þessi þykkasti hluti gólfsins lítið eitt niðurgrafinn. Hellurnar 12.33 lágu í þessari þykku gólfskán, sem var bæði undir og yfir hellunum. Skordýraleifar sem greindar voru úr gólflaginu bentu til þess að þarna gæti hafa verið flór í fjósi eða jafnvel kamar. Hlutverk steinaraðar 12.8 er hins vegar ekki alveg ljóst. Gólfíð náði ekki alveg að henni, en ef steinaröðin var innbrún veggjar, hefur húsið aðeins verið um 2 m breitt. Þá bentu viðarleifar sem lágu á milli steinaraða 12.8 og 12.22 fremur til þess að þar hefði verið eitthvað annað en veggjarhleðsla. Ef til vill var um að ræða leifar frá mismunandi byggingarskeiðum, t.d. nýtt skilrúm hlaðið inni í húsinu.

Engar stoðarholur fundust í húsinu, enda var ekki grafið niður á botn. Ekki var unnt að tengja leifar torfveggjar 12.17 við aðrar byggingarleifar. Hugsanlega eru þetta leifar mannvirkis sem hefur að mestu eyðilagst vegna yngri bygginga. Viðarkolablettirnir 12.25 og 12.32 benda til þess að húsið hafi haft mismunandi hlutverk á meðan það var í notkun. Móöskulag 12.28 gæti hafa myndast á milli byggingarskeiða og veggur 12.5 verið hlaðinn þegar húsið var endurnýjað.

Samhengi steinanna 12.23 við aðrar byggingarleifar var ekki heldur ljóst. Þeir virtust vera leifar af gólfi eða vegg og hafa líklega tilheyrt mannvirki sem var að mestu utan uppgraftarsvæðisins.

Mannvirkjaleifar frá þessu tímabili og hinu fyrra benda til þess að þarna hafi verið norðurmörk byggðarinnar á fyrstu öldum eftir að búseta hófst á Bessastöðum (mynd 19).

Minjar frá um 1500-1800

Eftirfarandi minjar voru yngri en K~1500: 12.1, 12.2, 12.3, 12.7, 12.9, 12.26, 12.27, 12.29, 12.30, 12.31 og 12.35.

Hér vekur athygli að engar greinilegar byggingar standa þarna núna. Skráðu mannvistarlögin hafa flest tilheyrt stórum öskuhaug. Reyndar eru nokkrar mannvirkjaleifar sem var þó ekki hægt að tengja innbyrðis. Vafamál er hvernig túlka á steinahrúgu 12.7, sem samanstóð af eldbrunnum steinum. Hún hefur sennilega tilheyrt ofni og gæti hafa staðið inni í húsi en engin frekari ummerki fundust um þá byggingu. Því verður að ætla að steinunum hafi verið hent út á haug eftir að þeir höfðu þjónað upphitunarhlutverki sínu. Ekki var heldur hægt að tengja torfvegg 12.29 við neinar aðrar byggingarleifar. Skurður sem grafinn var fyrir frárennislögn hefur skemmt mikið af þessari hleðslu og samhengi fleiri mannvistarlaga á svæðinu.

Syðst á svæðinu voru leifar af um 6 m langri steinhleðslu 12.2, sem virtist hafa legið í austurvestur og snúið framhlið mót suðri. Ekki fannst torfhleðsla sem hægt var að tengja við þessa steinaröð, en þar sem veggurinn hefði átt að vera voru fjórar þyrpingar steina 12.3. Þær virtust vera aðeins yngri en hleðsla 12.2 og gætu hafa verið þúkk með staurum sem þar voru reistir. Þeir virðast hafa verið settir ofan í vegginn sem þar stóð, e.t.v sem hluti af girðingu eða garði sem stóð norðan við bæjarhúsin á fyrri hluta 18. aldar.


Steinaröð 12.9 tilheyrði líklega mannvirki 12.2.

Steinaröð 12.1 virtist vera yngri en aðrar hleðslur á svæðinu og gæti verið tengd óþekktu mannvirki frá 19. öld.


Ofangreindar lýsingar af skráðum minjum á svæði U12 sýna að þarna stóðu mannvirki allt frá upphafi byggðar og að þau hafi verið í notkun fram undir 1500. Þetta sést líka vel í sniðum T-1988-1 og T-1988-2 sem gegndu veigamiklu hlutverki varðandi allan skilning og greiningu á samhengi jarðlaga frá yfirborði og niður á óhreyfðan jarðveg og til að skapa tímaramma fyrir mannvistarlögin, eins og komið verður betur að hér á eftir.



Mynd 19. Skráðar mannvistarleifar og veggjabrot frá tímabilinu 1230-1500 á svæði U12.



Mynd 20. Skráðar minjar og mannvistarlög sem voru yngri en Kötlugjóska frá um 1500 og fundust norðan við Bessastaðstofa á svæði U12.



Mynd 21. Jarðlagagreining á innbyrðis afstöðu skráðra mannvistarlaga miðað við gjóskulög á svæði U12. Tíma-
skalinn er hér fyrir miðju.


Snið T-1988-1

Snið [5771] sýnir austurbakka uppgraftarsvæðis 12. Það lá til norðurs, 1 m út frá norðausturhorni norðurgafis Bessastaðastofu og var um 19 m langt. Hnitapunktur sniðsins þar var X 131,2/ Y=190,5 og við norðurenda voru hnitin X150,4/ Y=190,4. Mannvistarlög í sniðinu voru allt að 3,3 m að þykkt. Í lýsingu af sniðinu var hverju lagi gefið hlaupandi númer frá 1. Þess má geta að jarðlög á upphaflegu sniðteikningunum voru talin neðan frá og upp, en í úrvinnslu var því snúið við vegna heildarsamræmingar og lægsta númerið haft efst. Talning byrjar við yfirborðið, þannig að lag 1 er malbik og lag 62 er óhreyfð mold neðst í sniðinu. Upphafleg númer, sem sjást á frumteikningu, eru höfð aftast innan sviga.


Lýsing á einstökum lögum í sniði T-1988-1

- 1 *Malbik*, um 10-15 cm þykkt.
- 2 *Uppfylling*, undir malbiki, meira af mól en mold (23).
- 3 *Lagnaskurður*. Um 0,35 m breiður. Óljóst er hve hátt hann nær. Bogin hlíf er lögð yfir kapalinn.
- 4 *Frárennslisskurður*. Um 0,6 m breiður. Óljóst er hve hátt í uppfyllinguna hann nær.
- 5 *Torfusneplar* í brúnni og gulbrúnni mold. Í gulleitu torfunum er gráleitt gjóskulag. Sýni S-1988-5 var tekið úr þessu gjóskulagi (22).
- 6 *Brún hreyfð mold*, blönduð dálitlu af móösku og nokkru meiri viðarkolum (21).
- 7 *Brún hreyfð mold*, uppfylling blönduð mól, beinum, múrsteinum o.fl. (20).
- 8 *Brúnt malarblandað moldarlag*. Líklegast uppfyllingarlag (19).
- 9 *Torfusneplar*, blandaðir móösku. Þunn linsa.
- 10 *Gulbrúnt torf*.
- 11 *Gulbrúnt torf*.
- 12 *Bleik móaska*.
- 13 *Brún mold*.
- 14 *Bleik móaska*.
- 15 *Bleik móöskulinsa*.
- 16 *Bleik móaska*.
- 17 *Brún moldarlinsa*, neðarlega í lagi 16.
- 18 *Gulbrúnt torf*. Hugsanlega hrun úr vegg.
- 19 *Bleik móöskulinsa*, neðarlega í lagi 18.

- 20 *Brún mold*, blönduð móösku.
- 21 *Bleik móaska*.
- 22 *Brún mold*, blönduð móösku.
- 23 *Torf*. Brúnt, gulbrúnt. Svartar rákir, e.t.v. gjóska í torfinu. Sýni S-1988-6 var tekið úr þessari gjósku.
- 24 *Bleik móaska*.
- 25 *Torflinsa*, gulbrún.
- 26 *Bleik móaska*.
- 27 *Torflinsa*, gulbrún.
- 28 *Gróf móaska* og stórir sótflekkir einkenna þetta lag. Neðst í því er linsa með ljósum blettum e.t.v. leir. Einnig eru svartir og gráir flekkir þarna innan um sem gætu verið gjóskulög (18).
- 29 *Brún mold*. Líklega sama og lag 30.
- 30 *Brún mold*. Líklega sama og lag 29.
- 31 *Brún hreyfð mold*. Moldin er mjög svipuð og lag 8, en er blönduð meiri móösku (17).
- 32 *Brún hreyfð mold*, blönduð dálitilli móösku, viðarkolum og beinum (16).
- 33 *Móaska*, allt að 35 cm þykk. Neðst er hún blönduð stórum sótflekkjum, skeljum og beinum. Efri hlutinn er meira moldarblandinn og með smærri sótblettum. Efst í laginu fannst sylgja úr bronzi (Þjms 1988-213-1). Í neðri hluta lagsins við 9-10 m mörkin gengur allt að 0,1 m þykk linsa af torfusneplum sem í eru 2 dökkgrá gjóskulög, um 7 mm þykk í brúnu torfi (15).
- 34 *Móaska* sem liggur yfir hleðslu og endar við 4 m. Blönduð mold og viðarkolum (14).
- 35 *Brún hreyfð mold*, blönduð móösku og koldreif. Lagið liggur yfir steinhleðslu 51 sem gengur inn í suðurenda sniðsins (13).
- 36 *Brún mold*, blönduð móösku.
- 37 *Grá gjóska*, um 1 mm að þykkt. Sama og lag 40 og hugsanlega yngri hluti Miðaldalagsins frá 1231.
- 38 *Dökkgrá gjóska*, um 7 mm að þykkt. Sama og lag 41 og hugsanlega eldri hluti Miðaldalagsins, frá 1226.
- 39 *Brún mold*. Neðra gjóskulagið, lag 38, er neðst í þessu lagi og efra gjóskulagið, lag 37, er um 5 mm ofar.
- 40 *Grá gjóska*, um 1 mm að þykkt. Líklega sama og lag 37. Lagið er 4-5 mm ofan við lag 41.



Mynd 22. Snið T-1988-1 sem sýnir mannvistarlög í vesturbakka svæðis U12.



Mynd 23. Jarðlagagreining af sniði T-1988-1 sem sýnir innbyrðis afstöðu mannvistarlaga. Tímaásinn til vinstri sýnir 100 ára tímabil, nema þar sem nákvæmari greining liggur fyrir.


- Guðrún Larsen, jarðfræðingur, taldi að það gæti e.t.v. verið frá 1231. Sýni S-1988-2, 3 og 8 voru tekin úr þessu lagi (12).
- 41 *Dökkgrá* gjóska, um 7 mm að þykkt. Líklega sama og lag 38. Þetta er e.t.v. Miðaldalagið, sem talið er vera frá 1226. Óbirtar rannsóknir benda til þess að um 2 gos hafi verið að ræða á svipuðum tíma. Sýni S-1988-1 og S-1988-9 voru tekin úr þessu lagi (11).
- 42 *Brún hreyfð mold*, mannvistarlag blandað móösku og viðarkolalinsum. Gjóskulög 40 og 41 liggja að mestu í þessu lagi (10).
- 43 *Brún mold*, líklega sama lag og 42.
- 44 *Brún mold*, líklega sama lag og 42.
- 45 *Rauðbleik móaska*, líklega sama lag og 46-48.
- 46 *Rauðbleik móaska*, líklega sama lag og 45, 47 og 48.
- 47 *Rauðbleik móaska*, blönduð einstaka viðarkolum. Líklega sama lag og 45, 46 og 48. Neðst í laginu er þó um 1 cm þykkt sótlag (9).
- 48 *Rauðbleik móaska*, líklega sama lag og 45-47.
- 49 *Dökkbrúnt mannvistarlag*, blandað sóti, sandi (gjósku?), torfusneplum og dálítilli móösku. E.t.v. er þetta lag fyrir utan byggingu sem endar þarna rétt vestan við sniðið (8).
- 50 *Dökkgrár leir* blandaður ljósari linsum. Lagið er þykkast syðst, um 0,6 m, en þynnist út og hverfur við 9 m. Syðst er grjóthleðsla 51 í laginu miðju, sem virðist eiga við herbergi sem er sunnan við sniðið (7).
- 51 *Grjóthleðsla*, syðst í sniðinu. Hugsanlega hluti af veggjarhleðslu og hrun úr henni liggur í lagi 50
- 52 *Brún hreyfð mold*, líklega sama og lag 54.
- 53 *Grábrúnn leir*, blandaður viðarkolaögnum. Þetta er eins og hola sem gengur niður úr lagi 50 (6).
- 54 *Brún hreyfð mold*, svipuð og lag 55, en í því er þó minni móaska og viðarkol. Á mörkum 54 og 55 er móaskan aðeins meira áberandi í laginu en annars staðar (5).
- 55 *Brún hreyfð mold*, blönduð dálítilli móösku og einstaka viðarkolum á stöku stað. Lagið er um 0,2 m þykkt. Í laginu eru einnig leifar af einstaka skeljabrotum. Líklega sama og lag 56 (4).
- 56 *Brún hreyfð mold*, blönduð dálítilli móösku og einstaka viðarkolum á stöku stað. Líklega sama og lag 55.
- 57 *Brúnt mannvistarlag*, blandað rauðleitum torfusneplum og dökkum rákum sem gefa því gráleitan blæ. Í þessu lagi mátti greina einstaka flekki af landnámsösku, allt að 1 cm að stærð. Í laginu voru einnig örlitlar kola-dreifar líka á stöku stað. Líklega sama og lag 58.
- 58 *Brúnt mannvistarlag*, um 6-8 cm þykkt. Blandað rauðleitum torfusneplum og dökkum rákum sem gefa því gráleitan blæ. Í þessu lagi mátti greina einstaka flekki af landnámsösku, allt að 10 mm að stærð. Í laginu voru örlitlar koladreifar á stöku stað. Líklega sama og lag 57 (3).
- 59 *Gulbrún mold*. Í fyrstu virtist lagið vera óhreyft og frá því fyrir landnám. Við nánari skoðun mátti greina örlitlar kolaagnir og einstaka brot af morknum beina- og skelja-leifum í því. Sennilega er þetta því lag sem hefur myndast rétt eftir að landnám hófst á Íslandi og að þess sjái hér stað t.d. í viðarkolaögnum sem fokið hafa á staðinn. Sama og lag 60.
- 60 *Gulbrún mold*, sama og lag 59. Lagið er allt að 0,1 m þykkt (2).
- 61 *Ljósbrún*, óhreyfð mold, frá því fyrir landnám, með vott af rauðleitum blæ. Sama og lag 62.
- 62 *Ljósbrún*, óhreyfð mold, frá því fyrir landnám, með vott af rauðleitum blæ. Sama og lag 61 (1).

Snið T-1988-2

Snið [5770] sýnir mannvistarlög í vesturbakka uppgraftarsvæðis 12. Það liggur út frá norður-gaffli Bessastaðastofu, um 1 m frá norðvesturhorni hússins. Sniðið er um 19 m langt og sýnir allt að 3,5 m þykk mannvistarlög. Sjá skýringu á númerum á bls. 26.

Lýsing á einstökum lögum í sniði T-1988-2


- 1 *Malbik* á bílastæði, norðan við Bessastaðastofu, allt að 0,15 m þykkt.
- 2 *Uppfylling*, meiri mól en mold er undir malbiki (37).
- 3 *Lagnaskurður*, laus hreyfð mold. Hugsanlega sama og lag 3 í sniði T-1988-1 (36).
- 4 *Frárennslisskurður*. Steypt rör er í botni. Sami skurður og 4 í sniði T-1988-1.
- 5 *Uppfylling*, blönduð mold (35).
- 6 *Uppfylling*, blönduð mold. Sama og lag 5 (35).
- 7 *Gulbrún mold*. Hnaus í uppfyllingarlagi 5.
- 8 *Móaska*, blönduð mold en þó ekki mikið blönduð. Sót- og gjóskublettir eru á stöku stað (28).
- 9 *Móaska*, dálítið hvítari aska en í lagi 11. Morkin bein voru í þessu lagi (27).
- 10 *Móaska*, ljósar og bleikar móöskulinsur. Á bilinu milli 8-10 m voru t.d. þykkar linsur af ljósri móösku. Í laginu voru líka sót, viðarkol og bein en fremur lítið af mold (34).
- 11 *Móaska*, ljósar og bleikar móöskulinsur. Í laginu voru líka sót, viðarkol og bein en fremur lítið af mold (14 og 26).
- 12 *Torf*. Gulbrún mold og svartar gjóskulinsur einkenndu þetta torf. Torfurnar voru flestar um 0,20-0,25 m breiðar og 0,05-0,08 m þykkar. Þetta voru leifar af vegg sem hefur verið jafnaður út. Sums staðar mátti sjá tvö gjóskulög í sömu torfu. Það efra 13 mm þykkt dökkgrátt eða svart, hið neðra 4 mm þykkt og aðeins 5 mm á milli þeirra. Gjóskan var einkum úr K~1500, en hið tvískipta Miðaldalag kom einnig fyrir. Sama og lag 13
- 13 *Torf*. Sama og lag 12 (24).
- 14 *Móaska*. Um 0,1 m þykk móöskulinsa í torflagi 13 (25).
- 15 *Móaska*. Ljósar og bleikar móöskulinsur og brún mold á milli. Mjög lagskipt (33).
- 16 *Torfusneplar* úr brúnni og ljósbrúnni mold. Þetta er dreif úr hruninni hleðslu. Finna mátti smáa gjóskulagabletti innan um, aðallega úr lagi 38 (K~1500), en einstaka blettir voru þó úr Miðaldagjöskunni. Gjóskublettir í þessu lagi eru miklu færri en í lögum 13 og 17 (23).
- 17 *Torfusneplar* úr brúnni og gulbrúnni mold með K~1500 gjósku í. Þetta voru allt stuttir gjóskublettir, frá 4-14 cm langir. Þykkt gjóskunnar var allt að 3 cm (18).
- 18 *Brún mold*, um 5-10 cm þykk moldarlinsa (32).
- 19 *Móöskulinsa*, bæði rauð og hvítleit, mjög blönduð (20).
- 20 *Viðarkola- eða sótlag*, sem í var mjög mikið af lífrænum minjum, s.s. dýrabeinum, hálm, hugsanlega taði, textílleifum og hári. Efsti hluti dökka mannvistarlagins. Sýrustig lagsins var mælt og reyndist pH gildi þess vera 5 (19).
- 21 *Móaska*, rauðbleik linsa (31).
- 22 *Brún mold*. Í laginu var mikið af viðarkolum og dýrabeinum (30).
- 23 *Brún mold*. Moldin var hreyfð og í laginu mátti greina einstaka torfusnepla (29).
- 24 *Móaska*, mjög hreyfð og moldarblönduð (39).
- 25 *Brún mold*. Lagið var nokkuð hreyft og lá ofan á lagi 38 (K~1500) (40).
- 26 *Torfhleðsla*. Brúnt torf, án gjóskulaga. Efst í hleðslunni eða ofan á henni var K~1500. Þar ofan á var brúnt moldarlag um 8-10 cm þykkt. Ekki var hægt að segja til um hvort gjóskan hefði fallið ofan á veggjarbrotið, eða hvort um væri að ræða langa strengjatorfu sem sem var rist skömmu eftir að gjóskan féll og lögð ofan á eða efst í vegginn (38).
- 27 *Grjóthleðsla*. Líklega var hleðslan hluti af sama vegg og torfið 26.
- 28 *Dökk-grábrúnt mannvistarlag*. Í laginu var mjög mikið af dýrabeinum, textílum og öðrum lífrænum leifum. Við hnitin X130-140/Y÷200 í 8,75 m.y.s. fannst m.a. skór úr leðri (Þjms 1988-213-2). Þar var sýni S-1988-14 tekið úr laginu við X÷137,5 í 7,6-7,8 m hæð.
- 29 *Dökk-grábrúnt mannvistarlag*, blandað kolum og smá móösku, sams konar og lag 40, en lá yfir lagi 38 (K~1500). Í laginu var mikið af lífrænum minjum, m.a. dýrabeinum, allmiklu af stórgripabeinum, viðarleifum og leðri.
- 30 *Brún mold*. Þunn linsa, e.t.v. stök torfa (16).
- 31 *Viðarkol*, móaska og brennd bein. Þunn linsa (17).



Mynd 24. Snið T-1988-2 sýnir vesturbakka svæðis U12.

- 32 *Brún mold*. Þunn linsa, e.t.v. torfusnepill (15).
- 33 *Rauðbleik móaska*, þunnar linsur.
- 34 *Dökkbrún mold*, blönduð torfusneplum, dálitlu af viðarkolum og móösku, sams konar og lag 41.
- 35 *Dökkbrún mold*, blönduð torfusneplum, dálitlu af viðarkolum og móösku. Sams konar og lag 41, en liggur yfir K~1500 (13).
- 36 *Viðarkolalag*, allt að 15 cm þykkt (12).
- 37 *Móöskulag*, þunn móöskulinsa sem lá ofan á K~1500 gjóskulaginu (11).
- 38 *Gjóskulag*, svart. Aska úr Kötflugosi sem féll skömmu fyrir aldamótin 1500 (K~1500). Gjóskulagið fannst nær óslitið þvert yfir sniðið. Það var nokkuð misþykkt, þykkast í suðurhluta sniðsins, á bilinu X134-X139, þar sem það var allt að 0,1 m þykkt. Þar fyrir norðan var það þynnra og fór niður í um 0,02 m þar sem það var þynnst. Frá hnitunum X144 að X147 var lagið slitrótt en þó mátti fylgja því sæmilega eftir (22).
- 39 *Gulbrún mold*. Í laginu voru allmiklar dýrabeinaleifar, mest rétt undir lagi 38 (K~1500), sams konar og lag 25, sem var yfir Kötulaginu. Lagið varð dekkra eftir því sem neðar dró og neðst voru einstaka ljósar móöskulinsur.
- 40 *Dökkt grábrúnt lag*, blandað kolum og smá móösku undir K~1500. Varðveisluskilyrði fyrir lífrænar minjar voru einstaklega góð í þessu lagi. Sýni S-1988-12 var tekið neðarlega í þessu lagi. Neðst fundust m.a. leðurbútar, skór og dýrabein, en einnig leirkerabrot. Sýni S-1988-11 var tekið á mörkum lags 40 og 49. Við greiningu á sýnum úr þessum neðstu hlutum lagsins fundust mjög vel varðveittar skordýraleifar (sjá skýrslu á bls. 123-126) (6).
- 41 *Dökkbrún mold*, blönduð torfusneplum, dálitlu af viðarkolum og móösku (13).
- 42 *Viðarkolalag* allt að 0,15 m þykkt. Sýni S-1988-13 var tekið úr laginu til ¹⁴C greiningar, 6,4 m.y.s. (10).
- 43 *Móaska*. Þunn linsa frá um 0,02-0,10 m þykk (8).
- 44 *Brún mold með móöskudreif* og einstaka viðarkolum. Í þessu lagi komu fyrir gjóskulög, m.a. linsa af landnámsösku á hnitunum X147-X147,5. Neðst í laginu var lag 46 (Miðaldalagið frá 1226) frá hnitunum X147,2-X149 (9).
- 45 *Torfusneplar*, innan um dálitla mold og móösku. Engir gjóskublettir voru sýnilegir í þessu lagi (7).
- 46 *Gjóskulag, dökkgrátt*. Miðaldalagið sem féll á árabílinu 1226-1240 mátti rekja frá hnitum X147,2-X150. Hér var ekki hægt að greina tvískipt lag eins og í sniði T-1988-1 (21).
- 47 *Móaska*, blönduð mold. Þunn linsa undir Miðaldalaginu sem var um 0,02-0,05 m þykk.
- 48 *Grábrúnn leir*, dálítið blandaður viðarkolum (5).
- 49 *Mannvistarlag, kolsvart að lit*. Í því var allmikið af dýrabeinum, viðarleifum, textílum, leðri og viðarkolum. Sýni S-1988-10 var tekið úr þessu lagi bæði til skordýragreiningar (sjá skýrslu á bls. 123-126) og til ¹⁴C aldursgreiningar við hnit X143. Sýrustig lagsins var mælt og reyndist pH gildi þess vera 3,6 (3).
- 50 *Dökkbrúnt eða grábrúnt leirkennt lag*, laust í sér, með mörknum dýrabeinum (4).
- 51 *Steinar*. Þyrping steina sem tilheyrðu líklega mannvirki 12.4 (sbr. mynd 18 bls. 24).
- 52 *Móöskublettur*, undir steinum 51.
- 53 *Brún móöskublandin mold* (2).
- 54 Óhreyft malarblandað lag. Við hnit X145 var malarlagið rétt undir mannvistarlögum. Við X147 var 0,1 m rauðbrúnt lag yfir malarlaginu. Nyrst var lagið grábrúnt að lit og rauðbrúna lagið sást ekki norðan við hnit X148. Í þessu sniði virtist vanta lag 2 sem var óljóst mannvistarlag í sniði T-1988-1 ofan á óhreyfða laginu (1).

Það sem einkenndi jarðlög í og við snið T-1988-2 var hve vel allar lífrænar minjar höfðu varðveist. Mörg af elstu lögunum voru mjög dökk, allt að því svört á lit og lyktuðu illa. Þessi mannvistarlög voru: 20 og 29 sem lágu yfir K~1500; og lög 40, 48, 49 og 50 sem voru undir K~1500. Þau hafa líklega verið gamall sorp-, eða fjóshaugur og benda til þess að þarna hafi staðið



Mynd 25. Jarðlagagreining af sniði T-1988-2 sem sýnir innbyrðis afstöðu mannvistarlaga. Tímaásinn til hægri sýnir 100 ára tímabil, nema þar sem nákvæmari greining liggur fyrir.

fjós eða önnur skepnuhús í fimm til sex aldir, allt frá fyrstu byggð fram til um 1600. Leifar skorðýra sem fundust í þessum elstu lögum bentu einnig til þess að þarna hefði líklega verið kamar eða flór (sjá viðauka bls. 125-126).

Neðst í þessu lagi voru leifar af grjóthleðslu 51 sem gæti hafa tilheyrt elsta útihúsinu á svæðinu (12.4), sbr. flatarteikningu T-1988-36 (mynd 18).

Eftir að sorp- eða fjóshaugurinn færðist annað, virðist hafa verið byggt torfhús (12.10, 12.12, 12.13 og 12.16) norðan við hann sem gæti hafa staðið fram undir 1500. Eftir að hætt var að nota torfhúsið var svæðið gert að sorphaugi og hlöðust upp þykk móösku- og moldarlög sunnan við húsið.

Uppgraftarsvæði 13

Svæði U13 [5764] var um 13,2 x 10,4 m, eða 137 m² að flatarmáli og var á milli hnitanna X139,2 til X152,3 og Y÷200 til Y÷210,3.

Engar grjóthleðslur fundust þegar jarðvegur var fjarlægður af þessu svæði og þegar snið T-1988-3 er skoðað sést að hér stóðu engar byggingar fyrstu aldirnar eftir landnám. Mannvistarlögin voru aðallega móaska úr öskuhaugum og torfusneplar úr leifum mannvirkja sem höfðu hrunið eða verið jöfnuð út og stóðu rétt sunnan- og utanvið uppgraftarsvæðið. Þessi lög voru einkum í efri mannvistarlögunum frá 16., 17. eða 18. öld. Suðvestast í sniðinu, sáust hins vegar dökk, lagskipt mannvistarlög og leifar af torfvegg. Þessi veggjarhleðsla var eldri en gjóskulagið úr K~1500, sem lá upp að henni. Dökk gjóska úr Miðaldalaginu var í veggjartorfi. Þykkt og innbyrðis afstaða laganna bendir helst til þess að torfveggurinn hafi verið hlaðinn á 14. eða 15. öld, sbr. lag 9 og lag 10 í sniði T-1988-3.

Snið T-1988-3

Snið [6577] sem lá í norður-suður, sýnir vesturbakka svæðis U13. Það var 7,55 metra langt, þriggja metra djúpt og var á milli hnitapunktanna X139,2–X146,7 eftir hnitallínu Y÷210,2. Sniðið er framhald af langsníði T-1987-19 og byrjar um 0,2 m norðan við það. Mörg sömu lög mátti finna

í báðum sniðunum og í úrvinnslu var reynt að tengja þau saman eftir því sem kostur var. Eftirfarandi lýsing á sniðinu er fengin úr uppgraftardagbók og upplýsingum af frumteikningu. Í úrvinnslu voru sum lög aðgreind meira en gert var í upphafi og öllum jarðlögum voru gefin ný hlaupandi númer frá 1 og áfram, eins og á öðrum sniðteikningum, sbr. bls. 23.

Elsta mannvistarlagið 16 sýndi samt fremur lítil ummerki um mannabyggð önnur en örlitlar sót- og viðarkolaagnir. Í lögum 13 og 14 voru smá torfusneplar með landnámsgjósku úr mannvirki sem kom ekki fram í sniðinu en hefur staðið skammt frá. Elsta og eina mannvirkið sem sjá má leifar af á svæði U13 er hleðsla 9, syðst á svæðinu. Hún var yngri en Miðaldalagið en eldri en K~1500. Að öðru leyti eru allt að þriggja metra þykk mannvistarlögin aðallega öskuhaugaleifar og torfdreifar úr nálægum byggingum.


Lýsing á einstökum lögum í sniði T-1988-3

- 1 *Malbik* á bílastæði.
- 2 *Uppfylling* undir malbik, möl og mold. Þetta er sama og lag 78 í sniði T-1987-19.
- 3 *Móaska*, nánast hrein og rauðbleik. Í laginu fannst dálítið af kolum og brenndum beinum. Brot úr rauðum múrsteini voru í þessu lagi. Þetta lag gæti verið sama og lag 9 í sniði T-1988-2 (12).
- 4 *Brún, hreyfð mold*, blönduð viðarkolum og nokkru af móösku. Moldin var laus í sér. Í laginu voru einnig morkin, óbrennd bein og leirkerabrot. Neðarlega í þessu lagi fannst leirkerabrot (Þjms 1988-213-272). Þetta lag gæti verið sama og öskuhaugalag 11 í sniði T-1988-2 (26).
- 5 *Torfusneplar*, mjög svipaðir og í lagi 6 en meira raskaðir og moldarblandaðir. Í því var meira um smá torfusnepla, sem benti til þess að um væri að ræða hrun úr torfhleðslu. Einnig mátti greina þunna og dreifða dökka gjóskubletti. Þetta svipar til lags 13 í sniði T-1988-2 (10).
- 6 *Torf*. Leifar af torfhleðslu með lagskiptum brúnum og ljósbrúnum moldarlögum í um 0,05-0,15 m löngum mýrartorfum. Í torfinu var einnig dökk gjóska K~1500, um 4-10



Mynd 26. Neðsti og nyrsti hluti sniðs T-1988-2 sem sýnir mikla þykkt og lagskiptingu móöskulaga sem þar eru. Lengst til hægri er stór grjóthleðsla sem virðist enda rétt framan við sniðvegginn.

- mm þykk. Þetta virðist vera sama og lag 13 í sniði T-1987-19 (9).
- 7 *Mold.* Í laginu voru torfusneplarnir með mislitum leirlinsum og var allt moldarlagið rauðlitað af móösku. Að öðru leyti var það eins og lag 6. Lög 6 og 7 svara til lags 13 í sniði T-1988-2 (8).
 - 8 *Móöskublandin mold.* Í laginu voru smá blettir bæði af gráum leir og gjósku (6).
 - 9 *Dökkgrár leir,* með mörgum smáum ljósgráum og ljósbrúnum leirlinsum, litlum viðarkolamolum og gjóskublettum úr Miðaldalaginu. Tveir steinar, annar sem var neðarlega í laginu og hinn í svipaðri hæð við enda sniðskurðar gætu hafa tilheyrt sömu veggjarhleðslu. Laginu svipar til jarðlaga 92-98 í sniði T-1987-19 (7).
 - 10 *Dökkgrár leir,* svipaður og lag 9, nema hvað að í þessu lagi var engin gjóska sýnileg (7).
 - 11 *Ljósbrún mold,* gæti verið fokmold, samskonar og lag 14 (4).
 - 12 *Grá gjóska,* fremur grófgerð gjóska úr K~1500, sem lá slitrótt á sínum stað í jarðveginum (*in situ*), ofarlega í lagi 11. Þykktin var 5-10 mm.
 - 13 *Dökkbrúnn leir eða mannvistarlag.* Um 7-8 cm þykkt lag, ofan á moldarlagi 14. Í laginu voru torfusneplar með smáblettum af Landnámsgjósku. Lagið virðist hafa myndast við húsagerð þegar veggur 9 var hlaðinn (5).
 - 14 *Ljósbrún mold,* sams konar og lag 11. Í laginu komu bæði fyrir viðarkolaagnir og leir kenndir litlir torfusneplar. Hér og þar voru einnig litlir blettir af Landnámsgjósku (4).
 - 15 *Brún móöskublandin mold.* Í moldarlaginu var móaskan bæði blönduð við moldina og í flekkjum. Einnig voru viðarkolaagnir og brennd bein í þessu lagi (3).
 - 16 *Grábrún mold.* Lagið sem var 5-15 cm þykkt, sýndi lítil merki um mannvist. Við nána skoðun mátti þó greina í því örsmáar viðarkolaagnir, sem sýnir að landnám var hafið einhvers staðar nálægt. Á einum stað fór lagið niður í óhreyft eins og þar hefði



Mynd 27. Snið T-1988-3 sýnir mannvistarlæg í vesturbakka svæðis U13.

verið grafin hola eða rás, sem var um 60 cm breið efst en mjókkæði neðst, þar sem hún var 20 cm breið. Dýptin var um 20 cm (2).

17 Óhreyfð mold, ljósbrún og aðeins rauðbrún að lit. Í yfirborði þessa lags eru nokkrir steinar til hægri í sniðinu. Landnámsgjóskulagið hefði átt að liggja yfir þessu lagi en vantar hér á svæðinu. Það hefur líklega lent í torfi sem skorið var í fyrstu byggingar á staðnum (1).

18 Klöpp eða jarðfastur steinn syðst í sniðinu í lagi 17.

Uppgriftarsvæði 14

Svæði U14 [5762] lá vestan við U13. Það var 13,6x11 m að stærð og um 150 m² að flatarmáli. Yfirborð malbiks var þar í um 8,95 m hæð yfir sjávarmáli. Undir því var uppfyllingarlag, um 0,3-0,8 m þykkt, þykkast við norðausturhorn svæðisins. Þegar uppfyllingin hafði verið fjarlægð kom í ljós þykkur ruslahaugur þar undir, með blönduðum lögum af mold og móösku. Þessi lög virtust ná aftur til 16. aldar. Undir þeim sáust hleðslu- og byggingaleifar í sniði T-1988-4, sem bentu til þess að vestast á þessu svæði hefðu staðið mannvirki úr torfi og grjóti á 15. og 16. öld. Þessi mannvirki lágu það djúpt í jörðu að þau voru ekki rannsökuð frekar.

Á vesturhluta svæðisins, um fjórum metrum frá vesturbakka þess, kom í ljós um 0,9 m breið grjóthleðsla sem reyndist vera leifar af kirkjugarðsvegg. Hægt var að fylgja hleðslunni um 5,5 m til norðurs, en þar beygði hún til vesturs og hvarf inn í snið T-1988-4. Af sniðinu að dæma hafði verið grafinn skurður fyrir neðsta hluta hleðslunnar og var hann fylltur með misstórum steinum. Þeir voru allt frá 0,15 m upp í 0,9 m í þvermál og mynduðu sökkul eða undirstöðu fyrir kirkjugarðsvegginn.

Innan garðsins fundust tíu líkkistur sem fengu númer 101-110, í hlaupandi númeraröð. Engar grafir eða kistur fundust utan við grjótgardinn.


Snið T-1988-4

Snið [6578] vesturbakka svæðisins var mælt upp og teiknað. Það var 11,1 m langt og í því voru allt að 3,4 m þykk mannvistarlæg. Það lá í norður – suður milli hnitanna X139,2/Y÷221,1 og X150,5/Y÷221,5. Sjá skýringu á bls. 23.

Lýsing á einstökum lögum í sniði T-1988-4

- 1 Malbik.
- 2 Mól og grjót, uppfylling undir malbikaðan veg (17).

- 3 *Brún mold*, dálítið móöskublönduð. Efsti hluti jarðvegs í óskráðri gröf sem ekki var grafin fram og tilheyrði lögum 4 og 5 og kistuleifum 6 í sniði T-1988-4.
- 4 *Brún mold*, blönduð mól, móösku og smávegis viðarkolum. Jarðvegur í óskráðri gröf. Tilheyrði lögum 3, 5 og óskráðri kistu, sem var lag 6 í sniðinu.
- 5 *Blönduð mold og móaska*, í óskráðri gröf (25).
- 6 *Viðarleifar*. Hluti af kistu í óskráðri gröf. Sbr. lög 3-5 hér að framan.
- 7 *Brún mold*, dálítið móöskublönduð. Efsti hluti jarðvegs í gröf 105.
- 8 *Brún mold*, blönduð mól, móösku og smávegis viðarkolum. Jarðvegur í gröf 105 (23).
- 9 *Gráleitt, leirkennt lag* í gröf 105 yfir kistunni. Járnútfelling 19 sem lá upp með suðurbakka grafarinnar í þessu lagi (24).
- 10 *Viðarleifar*. Kista 105.
- 11 *Brún mold*, dálítið móöskublönduð. Tilheyrir vesturenda grafar 106 sem var austan sniðsins (21).
- 12 *Brún mold*, dálítið móöskublönduð, úr efsta hluti óskráðrar grafar út við kirkjugarðsvegginn sem var ekki grafin fram. Sjá einnig lög 13-15 (21).
- 13 *Móaska* og viðarkol, þunn linsa (27).
- 14 *Mól*, í óskráðri gröf (28).
- 15 *Brún mold*, blönduð dálitlu af viðarkolum. Líklega jarðvegur í óskráðri gröf, sbr. lög 12-14.
- 16 *Ljósbrún mold* með mól og rauðum múrsteinsbrotum. Rask sem tengist gerð kirkjugarðsveggjarins. Skilin milli þessa lags og lags 28 voru óljós (16).
- 17 *Grjóthleðsla*. Leifar af kirkjugarðsvegg, eða undirstöðum undir kirkjugarðsvegg.
- 18 *Brún mold*. Hugsanlega er þetta smá bil á milli grafa, en skil á milli þessa lags og næstu laga eru afar óljós.
- 19 *Járnútfelling*, neðst við suðurbakka grafar 105.
- 20 *Brún mold*. Sams konar lag og lag 18. Hugsanlega er þetta smá bil á milli grafa, en skil á milli þessa lags og næstu laga eru óljós (22).
- 21 *Brún hreyfð mold*, lítillaga blönduð móösku og kolum (26).




Mynd 28. Greining á innbyrðis afstöðu mannvistarlaga í sniði T-1988-3 og þau sett inn í líklegan tíma-ramma, sem sýndur er lengst til hægri.



Mynd 29. Horft til austurs yfir svæði U14. Norðausturhorn kirkjugarðsveggjarins sést vel vinstra megin á myndinni. Jarðvegur er þarna allur rauðlitaður af móösku og virðist bæjarhóllinn hafa að mestu hlaðist upp úr móösku og byggingaleifum. Mjöll Snæsdóttir stendur á svæði U13 og fjærst er U12. Norðurgafli Bessastadastofu er efst til hægri.

- | | |
|---|--|
| <p>22 Leirkennd mold með mörgum smálinsum af leir, móösku og svartri gjósku (20).</p> <p>23 Torf, allmargar þunnar leirkenndar linsur. Leifar af torfvegg sem var eldri en 18. og 19. aldar grafirnar í kirkjugarðinum. Í torfinu voru svartar gjóskurendur úr K~1500. Ekkert mannvistarlag tengdist veggnum, sem gæti hafa verið gamall kirkjugarðsveggur (19).</p> <p>24 Dökkur leir, sams konar og var syðst í sniði T-1988-3 lag 10. Leirinn í kirkjugarðinum var í svipaðri hæð og kisturnar (18).</p> <p>25 Brún mold.</p> <p>26 Móaska, rauðbleik, blönduð viðarkolum.</p> <p>27 Móaska. Þunn rauðbleik linsa.</p> <p>28 Brún mold, í laginu eru þykkir móöskuhnausar 29 og 30 (13).</p> <p>29 Móaska. Rauðbleikur hnaus.</p> <p>30 Móaska. Rauðbleikur hnaus.</p> <p>31 Móaska. Þunn rauðbleik linsa.</p> | <p>32 Bleik móaska, blönduð viðarkolaögnum (12).</p> <p>33 Brún mold og móaska. Samskonar lag og lag 35, en aðeins grárar. Töluvert var af viðarkolum í þessu lagi (11).</p> <p>34 Brún mold, þunn moldarlinsa um 2-5 cm þykkt (10).</p> <p>35 Brún mold og móaska, töluvert blönduð viðarkolum (9).</p> <p>36 Bleik móaska (8).</p> <p>37 Torfmoldir, ljósbrúnar slitru af torfi úr vegg sem hefur hrunið. Hann var hluti af steinhleðslu 39 og lagi 40, sem var sennilega hrun úr veggnum (15).</p> <p>38 Torfhleðsla, inn á milli steina. Líklega þunnir strengir í veggjarhleðslu (14).</p> <p>39 Grjóthleðsla. Neðri hluti veggjar, þar sem efri hlutinn var úr torfi, sbr. lag 37 og 38.</p> <p>40 Torfmoldir, mjög blandað lag sem gæti hafa verið hrun úr torfvegg 37, eða eldri torfvegg.</p> |
|---|--|



Mynd 30. Snið T-1988-4 sýnir mannvistarlög í vesturbakka svæðis U14. Lög 22-24 og 37-39 eru leifar af mannvirkjaleifum sem gætu verið frá 15.-16. öld. Lag 17 er kirkjugarðsveggur.

Í laginu voru torfusneplar, smá móöskudreif og viðarkolaagnir. Einnig voru litlar agnir af svartri gjósku úr K~1500. Í miðju laginu var nær hálf metra löng linsa af gjóskunni (7).

- 41 *Brúnt/grábrúnt moldarlag*, leirkenndara en lag 5 (6).
- 42 *Ljósbrún mold* með smávegis viðarkolum í (5).
- 43 *Grátt gjóskulag*, sennilega Miðaldalagið frá 1226. Þykkt lagsins var um 5 mm (4).
- 44 *Ljósbrún mold*, lítillaga blönduð móösku. Sams konar og lag 42 (3).
- 45 *Grábrún mold*. Lagið var næstum óhreyft en í því mátti greina örlitlar viðarkolaagnir. Sama og lag 53 í sniði T-1988-2 (2).
- 46 *Óhreyfð ljósbrún/rauðbrún mold*. Sama og lag 54 í sniði T-1988-2 (1).

Sniðið sýnir að kirkjugarðsveggurinn 17 var sennilega ekki reistur þarna fyrr en á 18. eða 19. öld. Hann var hlaðinn úr grjóti og virðist hafa verið grafið fyrir undirstöðum hans að hluta. Sunnan garðsins voru flest mannvistarlög sundurgráfin af gröfum en rúmlega einum metra sunnar fundust leifar af eldri garði 23 sem hlaðinn hafði verið úr torfi eingöngu. Svart gjóskulag úr K~1500 var í torfinu og það benti til þess að sú hleðsla væri yngri en lagið.

Norðan við vegginn voru mikil og þykk ruslalög, aðallega mynduð af mold og móösku

gamals sorphaugs sem þarna hafði hlaðist upp. Norðanundir kirkjugarðsveggnum á rúmlega tveggja metra dýpi var veggjarhleðsla. Neðri hluti hennar var úr grjóti 39 og sá efri úr torfi 37 og 38. Gjóskublettir úr K~1500 í torfinu bentu til þess að veggurinn væri frá 16. öld eða síðar. Hugsanlega var hann hluti af mannvirki sem stóð norðan við gamla kirkjugarðsvegginn og lá jafnvel upp að honum. Miðaldalagið 43 var á 2,5 metra dýpi.

Grafir á svæði U14

Vestast á svæði U14 komu nokkrar kistur í ljós sem reyndust hafa legið í gröfum í norðausturhorni kirkjugarðsins eftir að hann var stækkaður til norðurs og austurs. Þær fengu númer 104-110 (mynd 32). Þegar svæðið var stækkað um 2 m til suðurs og sniðbakki fjarlægður komu þrjár kistur til viðbótar í ljós. Þær fengu númer 101-103. Hér að neðan verður greint frá gröfunum í réttri númeraröð. Númer og bókstafir innan sviga vísa til flokkunar á kistugerðum og beinum samkvæmt greiningartöflu á bls. 71-74. Númer innan hornklofa vísa til númera viðkomandi kistna í Intrasis gagnagrunninum. Einnig er skrá yfir allar grafirnar á bls. 110-112. Vegna þess að grafið var niður að kistunum með vélgröfum var í fæstum tilvikum hægt að greina útlínur einstakra grafa.

Gröf nr. 101. Kista [1706] var 1,61 m löng, höfðagafi 0,58 m og fótagefl 0,46 m breiður. Hún

var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Útlínur grafarinnar sáust að hluta til á svæði U9 árið 1987. Kistan kom hins vegar fyrst í ljós þegar haftið á milli svæðis U14 og U15 var fjarlægt en hún var ekki opnuð.

Gröf nr. 102. Kista [1796]. Höfðagafi náði aðeins inn í sniðbakkann á austurhlið svæðisins en þessi hluti bakkans var ekki teiknaður. Kistan var því rétt sunnan við snið T-1988-4. Hún var 1,27 m löng. Höfðagafi var 0,5 m og fótagafi var 0,42 m breiður. Hún var sexstrend og mjókkaði aðeins að til fóta (C3). Kistan var ekki opnuð.

Gröf nr. 103. Kista [1797] var 1,41 m löng og 0,5 m breið. Hún var sexstrend með samsíða hliðar (C1).

Gröf nr. 104. Kista [1798] fannst rétt innan við norðausturhorn kirkjugarðsins. Hún var sexstrend og jafnbreið (C1), 1,9 m löng og 0,57 m breið. Kistan var ekki opnuð.

Gröf nr. 105. Kista [1829] gekk inn í snið T-1988-4. Þó að aðeins hefði verið grafinn fram 0,37 m langur hluti af austasta hluta kistunnar mátti sjá að grunnform kistunnar var sexstrent og mjókkaði til fóta (C3). Fótagaflinn var 0,39 m breiður. Kistan var ekki opnuð.

Gröf nr. 106. Kista [1828] var innan við norðausturhorn kirkjugarðsins. Hún var 0,98 m löng. Höfðagafinn var 0,37 m og fótagaflinn 0,3 m breiður. Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Hún lá þétt við hlið kistu nr. 107 en var ekki opnuð.

Gröf nr. 107. Kista [1799] var rétt innan við norðausturhorn kirkjugarðsins. Hún var sexstrend að grunnformi og mjókkaði til fóta (C3). Lengd kistunnar var 1,93 m. Breidd höfðagafis var 0,67 m og fótagafis 0,5 m. Kistan var ekki opnuð.

Gröf nr. 108. Kista [1800] var kassalaga og með samsíða hliðar (A1). Hún var 0,65 m löng og 0,3 m breið. Kistan var ekki opnuð.

Gröf nr. 109. Kista [1801] fannst rétt innan við norðausturhorn kirkjugarðsins (mynd 33). Hún var 1,8 m löng. Höfðagafi var 0,63 m breiður og fótagafi var 0,48 m breiður. Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Lokið var með einföldum sveigðum sneiðingi. Viðurinn var fremur illa farinn. Í kistunni lá fullorðinn

einstaklingur. Hendur voru krosslagðar í skauti (B1).


Gröf nr. 110. Kista [1802] lá rétt austan við snið T-1988-4 í norðausturhorni kirkjugarðsins. Lengd hennar var 1,94 m. Hún var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Breidd höfðagafis var 0,64 m og fótagafis 0,45 m. Kistan var ekki opnuð.

Uppgriftarsvæði 15

Svæði U15 [5761] var undir vegstæði heimkeyrslunnar að Bessastöðum, norðan kirkjunnar, og lá vestur frá hliði og upp á bæjarhólinn. Svæðið var um 61 m langt og rúmlega 6 m breitt. Þegar komið var upp á hólinn þar sem bílastæðin eru, breikkaði það lítilsháttar til suðurs, en mest þó til norðurs og var þar tæplega 14 m breitt. Þar náði það yfir nyrsta hluta svæðis U9, sem grafið var ofan af 1987. Svæðið var samtals um 446 m².

Eins og á hinum svæðunum var vélgrafa notuð til þess að fjarlægja uppfyllingu og efstu mannvistarlögin af svæðinu áður en byrjað var að hreinsa ofan af minjunum. Þarna kom í ljós nyrsti hluti kirkjugarðsins og leifar af norðurvegg hans. Undirstöður hans voru hlaðnar úr grjóti. Hér á svæði U15 komu í ljós 65 líkkistur (sjá mynd 36). Flestar tilheyrðu líklega í þeim hluta kirkjugarðsins sem var stækkaður til norðurs og austurs um eða eftir aldamótin 1800. Við kortlagningu kirkjugarðsins var látið nægja að greina útlínur á líkkistunum. Þar sem ekki var hægt að gera ítarlega rannsókn á hverri einstakri gröf voru kisturnar sem hreinsað var frá myndaðar úr um 10 m háum loftmyndurni. Til þess að hægt væri skrá grafirnar út frá loftmyndum var staðbundið hnitakerfi frá 1987 framlengt til vesturs að norðausturhorni kirkjunnar. Frá norðurhlið kirkjunnar voru lagðar út þrjár línur samsíða kirkjunni, 12 m, 14 m og 16 m norðan við hana og krossar settir niður í kirkjugarðinn með tveggja metra millibili. Þannig fékkst allgott yfirlit yfir kisturnar á svæðinu sem fengu hlaupandi númer.

Gröfum sem fundust á svæðum U9 og U10 árið 1987 hafði verið gefin númer frá 1 til 29, auk þess sem fjögur númer (100, 111-113) bættust við í úrvinnslu. Árið 1988 voru kistur á svæði U15, efst og austast á hólnum, númeraðar frá 30



Mynd 31. Greining á innbyrðis afstöðu mannvistarlaga í sniði T-1988-4 og staðsetning þeirra innan tímaramma, sem sýndur er lengst til hægri. Greiningin sýnir að mannvirki voru ekki reist á svæði U14 fyrr en á 15. öld. Kirkjugarðurinn er vart eldri en frá síðari hluta 18. aldar og grafirnar frá um 1800.

og hækkuðu númerin til vesturs niður að hliðinu þar sem efsta númerið var 94. Mold var hreinsuð ofan af hverri kistu, lokinu lyft af flestum þeirra og grunnupplýsingar um lengd, breidd og lögur voru skráðar. Kistur barna voru þó ekki opnaðar. Sumar beinagrindur voru illa farnar en mjög

margar kistur og beinagrindur sem í þeim lágu voru vel varðveittar. Vegna þess að flestar grafirnar virtust ekki hafa verið eldri en 100-150 ára gamlar þótti ekki við hæfi að hrófla frekar við beinunum. Þau voru því ekki grafinn upp. Enda þótt beinafræðingur væri ekki til staðar til að




Mynd 32. Loftmynd af suðvesturhorni svæðis U14. Grjóthleðslan sýnir leifar norðausturhorns kirkjugarðsveggjarins. Innan hans eru kistur nr. 104-110, talið frá vinstri. Kistur nr. 102 og 103 fundust rétt sunnan við 105, þegar svæðið var stækkað til suðurs. Ljóst er að kirkjugarðurinn var hér fullnýttur.




Mynd 33. Nærmynd af kistu 109. Miðfjöl loks hefur verið lyft af kistunni.



Mynd 34. Kistur 36-56 á uppgraftarsvæði 15. Steinar úr hleðslu norðurveggjar kirkjugarðsins sjást neðst til hægri. Krossarnir ofarlega til hægri eru 12 m norðan kirkju, krossar neðarlega fyrir miðju eru 14 m norðan við kirkju og neðst eru krossar 16 m norðan við kirkju.



Mynd 35. Kort sem sýnir 114 grafir og kistur sem fundust við uppgröftinn á Bessastöðum. Kistur sem fundust 1987 á svæði U9 austan kirkjunnar og U10 við kirkjutröppurnar eru hér sýndar í ljósbrúnum lit. Kistur sem fundust árið 1988 á svæðum U14 og U15 eru í brúnum lit. Þar fannst einnig norðurhluti kirkjugarðsveggjarins. Sjá einnig stærri mynd á bls. 133.



Mynd 36. Norðurhluti gamla kirkjugarðsins og grafir sem fundust undir heimreiðinni norðan kirkjunnar árið 1988, á svæðum U14 og U15.



Mynd 37. Yfirlit yfir austasta hluta svæðis U15 þar sem sjá má kistur 30-45.

greina beinin voru ýmsar athugasemdir um beinin skráðar á vettvangi.

Norðan við grafirnar fundust leifar kirkjugarðsveggjarins, eða undirstöður hans (mynd 36). Á teikningu frá 1720, sem er elsta mynd sem til er af Bessastaðakirkju, er kirkjugarðsveggurinn sýndur sem garður hlaðinn úr torfi (sjá mynd 70 á bls. 69). Ekki fundust neinar leifar af þessum kirkjugarðsvegg og er því líklegast að hann hafi ekki náð svo langt til norðurs á þessum tíma, að hann hafi lent undir heimreiðinni. Þar sést einnig að austurhlið kirkjugarðsveggjarins lá að austurgafli timburkirkjunnar, enda var þá álma amtmanns enn uppistandandi skammt austan við hana. Það er m.a. ástæðan fyrir því að grafir sem þar fundust eru taldar vera yngri.

Hér að neðan er lýsing á líkkistum sem komu í ljós á svæði U15 og innihaldi þeirra.

Grafir á svæði U15

Á svæði U15 komu í ljós 65 kistur. Tvær kistur höfðu áður fengið númer þegar komið var niður á þær við rannsóknina 1987.

Gröf nr. 30/100. Gröf [1692] kom að hluta til í ljós 1987 við norðurenda sniðs T-1987-26 á

svæði U9, og fékk þá númer 100, sbr. lag 116 í því sniði (Guðmundur Ólafsson, 2010:226). Þegar kistur á svæði U15 voru hreinsaðar fram og gefin númer kom í ljós að kista 30 hafði verið í gröf 100. Kista [1555] náði rúmlega 1 m út undan austurbakka svæðisins. Höfðagafli var 0,69 m breiður. Kistan mjókkaði að fótagafli og var kistulagið sexstrent, bæði á hliðum og göflum (C3). Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit. Þegar svæðið var stækkað til austurs var grafið ofan af austasta hluta kistunnar án þess að umbúnaður þar væri skoðaður.

Gröf nr. 31. Kista [1792] var 1,58 m löng. Höfðagafli var 0,6 m breiður og fótagafli 0,5 m breiður. Kistulagið var sexstrent á allar hliðar og mjókkaði til fóta (C3). Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit. Gröfin lá undir steinahrúgu sem tilheyrði mannvirki 15 á svæði U9 og er því eldri en það. Steinahrúgan, sem rannsökuð var 1987, þótti óvenjuleg vegna þess að í henni lágu allmargar fiskasleggjur (Guðmundur Ólafsson, 2010:90-91).

Gröf nr. 32. Kista [1795] lá aðeins inn undir grafir 31 og 38, og er því eldri en þær. Hún var sexstrent á hliðum og göflum og mjókkaði aðeins



Mynd 38. Horft ofan á kistu 36. Miðjuþjöl á loki hefur verið fjarlægð og liggur við hlið kistunnar. Kista 37 er ofst á myndinni. Lokið hefur fallið inn í kistuna.

til fóta (C3). Hún náði um 0,7 m út undan gröf 38 og 0,25 m út undan gröf 31. Utanmál hennar voru um 0,71-0,75 m að lengd, höfðagafl 0,27 m og fótagafl 0,21 m. Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit.

Gröf nr. 33. Kista [1793] var 0,57 m löng, 0,21 m við höfðagafl og 0,15 m breið við fótagafl. Hún var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3).

Gröf nr. 34. Kista [1704] var 0,57 m löng, 0,20 m við höfðagafl og 0,13 m breið við fóta-


gafl. Hún var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Vesturhluti kistunnar lá inn undir kistu 33.

Gröf nr. 35. Kista [1794] var 0,65 m löng, 0,23 m breið við höfðagafl og 0,2 m við fótagafl. Hún var sexstrend og mjókkaði örlítið til fóta (C3). Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit.

Gröf nr. 36. Kista [1695] var úr eik og var vandaðasta kistan sem fannst í kirkjugarðinum (mynd 38). Hún var einnig grafin aðeins dýpra en nálægar kistur. Kistan var 1,95 m að utanmáli og 1,85 m að innanmáli. Höfðagafl var 0,62 m



Mynd 39. Nærmynd af útskornu skrauti á kistuloki og höfuðgafl kistu 36. Á loki ris blómateinungur upp úr krossi og á gafl er hjarta á milli útskorinna laufa.



Mynd 40. Kista 37 þegar loki hennar, sem sést neðst, hafði verið lyft af.


breiður og fótagafl 0,41 m. Hún var sexstrend að grunnformi (C3), þó að lokið hafi verið með bogadregnum skrautprófil, og hún mjókkaði til fóta. Eftir endilangri miðfjöl loksins voru mörkuð þrjú djúp strik og ofan á henni var komið fyrir útskornu tréblómi til skrauts (mynd 39). Samskonar útskorið blaðmynstur var á höfðagafli kistunnar og hverfðust blöðin um útskorið hjarta (Þjms 1988-213-294). Kistan var svartmáluð

að utanverðu, eins og flestar kistur sem fundust norðan við kirkjuna, enda er talið var að fram yfir 1900 hafi kistur oftast verið dökkmálaðar (Árni Björnsson, 1996:395). Svarti liturinn sást hins vegar ekki eins vel á neinni annarri kistu, sennilega vegna þess að aðrar kistur voru úr lélegra efni sem málning entist ekki eins vel á.

Beinagrindin var fremur illa farin. Efri hryggjarliðir voru t.d. úr lagi færðir og höfuðkúp-



Mynd 41. Kista 38 þegar lokinu, sem sést neðst, hafði verið lyft af. Gaflstykki loksins liggur ofan á fjölinni. Hendur lágu í skauti og fætur voru samsíða.



Mynd 42. Bein í líkkistu 9/40 eru líklega af fullorðnum karlmanni.

an var mölbrotin. Lærleggir voru 0,43 m langir. Hendur voru í skauti (B) og fætur lágu ekki alveg samsíða heldur voru aðeins uppdregnir til hægri. Lag af hefilspónum lá á kistubotni.

Gröf nr. 37. Kista [1696] var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Utanmál kistunnar voru 1,86 m að lengd, höfðagafll var 0,67 m og fóttagafl 0,43 m. Að innanmáli var hún 1,75 m löng, höfðagafll var 0,55 m breiður og fóttagaflinn 0,36 m. Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit (mynd 40).

Beinagrindin var mjög illa farin, einkum efri hluti líkamans. Höfuðkúpan var brotin og mjaðmagrindin var fallin saman. Eina mælanlega beinið var lærleggur sem var 0,45 m langur. Handastelling varð ekki greind með vissu en einna helst virtist sem hendur hafi legið í skauti (B eða B1). Fætur voru beinir og samsíða. Kistubotninn var þakinn hefilspónum.

Gröf nr. 38. Kista [1553] sem var að hluta til fallin saman, var sexstrend og mjókkaði aðeins til fóta (C3). Lengd hennar var 1,92 m, breidd höfðagaflls 0,51 m og fóttagafl 0,45 m. Að innanmáli var kistan 1,7 m löng, höfðagafll 0,45 m breiður og fóttagafl 0,34 m (mynd 40). Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit.

Andlitsbein voru öll brotin. Kjálkinn var lítill og engar holur voru sýnilegar í tönnum.

Hryggjarliðir voru lausir og úr lagi færðir og mjaðmagrindin var brotin. Lærleggur var 0,41 m langur. Hendur lágu í kross í skauti (B1) og fætur voru samsíða og beinir (mynd 41).

Gröf nr. 39. Kista [1670] var sexstrend með samsíða jafnbreiðum hliðum (C1). Utanmál kistunnar voru 0,55 m að lengd og 0,19 m að breidd. Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit. Kistan var ekki opnuð.

Gröf nr. 40/9. Gröfin kom fyrst fram í prufuholu [5009] sem grafin var 1987. Þá var komið niður á vesturenda kistunnar við höfðagafllinn sem fékk númer 9. Kistan var grafin fram að fullu árið 1988 og var þá gefið númer 40 [1693] (mynd 42). Þegar gerð var yfirlitsteikning af öllum gröfunum á svæðinu kom í ljós að kistur 9 og 40 voru í raun sama kista. Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit.

Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Að utanmáli var kistan 1,92 m að lengd, höfðagafll var 0,67 m breiður og fóttagafl 0,45 m breiður. Innanmál kistunnar voru 1,82 m að lengd, höfðagafll 0,46 m að breidd og fóttagafl 0,39 m breiður.

Beinagrindin var heilleg þótt beinin væru allmorkin. Hauskúpa og mjaðmagrind voru brotin. Hendur lágu krosslagðar í skauti (B1). Fætur voru beinir og samsíða. Lærleggur beinagrindar



Mynd 43. Beinleifar í líkkistu 43/8. Hendurnar lágu í skauti.

var 0,43 m langur. Málmhnappur og meðfylgjandi klæðisleifar (Þjms 1988-213-284, sjá mynd 80) sem voru fastar við hryggjarlið beinagrindarinnar bentu til þess að líkið hefði verið klætt í fót.

Gröf nr. 41. Kista [1671] var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Að utanmáli var kistan 1,12 m löng. Höfðagafl var 0,41 m breiður og fótagafl 0,29 m. Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit. Kistan var ekki opnuð.

Gröf nr. 42. Kista [1672] var sexstrend og með samsíða hliðar (C1). Gröf 44 virðist hafa skorið aðeins af vesturenda kistunnar. Hún hefur því líklega verið um 0,6 m löng og tæplega 0,2 m breið. Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit.

Gröf nr. 43/8. Gröf þessi sást í könnunarskurði [5009] sem grafinn var í reit X142/Y÷228 á svæði U9 árið 1987. Þá var komið niður á 0,8 m af austasta hluta hennar. Samkvæmt sniði sem skissað var upp í dagbók var sjálf gröfin um 0,7 m breið. Kista [1675], sem var á um 1,2 m dýpi, hafði lent nyrst í gröfinni og hafði lokið fallið inn. Syðst var 0,14 m breitt bil út í svart mannvistarlag sem gröfin hafði verið grafin í gegnum. Yfir kistunni var tvískiptur ofanímokstur. Annars vegar dökkt lag sem kom úr dökku mannvistarlagi og hins vegar brúnt moldarlag, blandað móösku, sem gröfin hafði líka farið í gegnum. Efst var um 0,4 m þykkt malarlag, uppfylling gömlu

aðkeyrslunnar. Þegar svæði U15 var opnað árið 1988 kom öll kistan í ljós og fékk þá númerið 43 (mynd 43). Í úrvinnslu kom í ljós að kista 8 og 43 var sama kistan (sjá Guðmundur Ólafsson, 2010:98).

Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Að utanmáli var hún 1,92 m að lengd. Breidd höfðagafls var 0,57 m og breidd fótagafls var 0,4 m. Innanmál kistunnar voru 1,8 m að lengd, breidd höfðagafls 0,41 m og fótagafls er 0,3 m.

Miðfjöl loksins var 0,14 m breið til fóta og skáhlíðarnar tvær voru a.m.k. 0,12 m breiðar til fóta. Gafilstykkið til fóta var um 0,3 m langt að ofan, 0,12 m langt að neðan og a.m.k. 0,12 m að hæð. Fjalir loksins virtust hafa verið um 0,02 m að þykkt. Neðri hluti kistunnar var gerður úr 25 mm þykkum borðum. Kistunaglarnir voru ferstrendir með flötum hliðum á tvo vegu, um 0,05 m langir. Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit. Hún er líklega frá um 1800 eða frá 19. öld.

Beinagrindin var heilleg. Helstu einkenni á höfuðkúpu voru þau að eyrnabein voru stórvaxin, brúnabogi við nefbein var hvass og hnakkabein var þykkt. Hendur lágu í skauti (B). Fætur voru beinir og samsíða. Leifar af vefnaði voru við mjaðmirnar þar sem hendurnar komu saman. Lærleggur var 0,44 m langur.



Mynd 44. Beinagrind í kistu 47. Neðst eru leifar af loki og gaffli. Efst er gröf 48 óopnuð.

Gröf nr. 44. Kista [1673] var sexstrend og með samsíða hliðar (C1) um 0,64 m löng og 0,2 m breið. Austasti hluti kistunnar var illa farinn og nokkuð skaddaður og gröfin virðist hafa verið grafin yfir vesturenda kistu 42. Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit.

Gröf nr. 45. Kista [1674] var 0,37 m löng og 0,18 m breið. Kistulagið varð ekki greint með vissu en virtist kassalaga og með samsíða hliðar (A1). Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit.

Gröf nr. 46. Kista [1669] var 0,5 m löng og 0,2-0,25 m breið. Hún var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit.

Gröf nr. 47. Kista [1660] var 1,85 m löng að innanmáli. Höfðagafli var 0,43 m breiður og fóttagafli 0,38 m breiður (mynd 44). Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3).

Beinagrindin, sem var af fullorðnum einstaklingi. Hún var tiltölulega heilleg en mjaðmagrind og höfuðkúpa voru þó brotin. Mjaðmarskora (e. *sciatic notch*) var lítil. Á enni var brúnabogi hvass við nefbein. Hægri hendi lá yfir skaut, eins og hendur hefðu upphaflega verið lagðar þar í

kross (B1), en nú lá vinstri hendi niður með síðunni. Fætur voru beinir og samsíða. Lærleggur var 0,46 m langur.

Gröf nr. 48. Kista [1661] var 1,2 m löng. Höfðagafli var 0,49 m og fóttagafli 0,39 m breiður. Kistan var sexstrend á allar hliðar og mjókkaði til fóta (C3).

Gröf nr. 49. Kista [1662] var 0,74 m löng, höfðagafli 0,29 m og fóttagafli 0,25 m breiður. Kistan var sexstrend á allar hliðar og mjókkaði til fóta (C3). Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit.

Gröf nr. 50. Kista [1663] var 1,77 m löng að innanmáli. Höfðagafli var 0,41 m og fóttagafli 0,38 m breiður. Kistan var sexstrend á allar hliðar og mjókkaði aðeins til fóta (C3). Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit (mynd 45).

Lærleggur var 0,41 m langur. Kista og beinagrind hölluðu til hægri. Hryggjaliðir voru þar af leiðandi eilítið úr lagi færðir. Höfuðkúpan var brotin en nokkuð vel varðveitt. Eyrnabein voru lítil en augabrúnir voru hvassar. Mjaðmarskora (e. *sciatic notch*) var víð. Hendur lágu niður með hliðum og fætur voru beinir og samsíða.

Gröf nr. 51. Kista [1664] stóð út úr suðurbakka svæðisins og var 1 m löng. Austurgafll náði um 0,25 m út úr bakka en vesturgafll um 0,15 m. Miðfjöll loksins hafði fallið inn. Ekki var hreinsað frekar frá kistunni en hún virtist hafa verið sexstrend á allar hliðar og haft samsíða langhliðar (C1).

Gröf nr. 52. Kista [1659] kom fram við suðurbakka svæðisins. Lokið var að mestu eytt, þannig að beinin í kistunni voru sýnileg. Kistan virtist hafa verið sexstrend á allar hliðar og mjókkað til fóta (C3). Hún var 1,24 m löng, höfðagafll var 0,36 m breiður og fóttagafll 0,2 m.

Beinin voru ekki hreinsuð fram en af því sem sást virtust hendur hafa verið lagðar í skaut (B) og fætur lágu beinir og samsíða.

Gröf nr. 53. Kista [1665] var 1,6 m löng, sexstrend á allar hliðar og mjókkaði til fóta (C3). Höfðagafll var 0,5 m breiður og fóttagafll 0,3 m. Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit. Kistan, sem lá inn undir kistu 54, var ekki opnuð.

Gröf nr. 54. Kista [1666] var 1,18 m löng, 0,41 m breið við höfðagafll og 0,3 m við fóttagafll. Kistan var sexstrend á allar hliðar og mjókkaði til fóta (C3). Á henni mátti greina leifar af svörtum lit. Hún lá yfir kistu 53 og var ekki opnuð.

Gröf nr. 55. Kista [1667] var 0,87 m löng og 0,20 m breið. Hún var fremur illa farin en var

greinilega sexstrend á allar hliðar og virtust hliðarnar vera samsíða (C1). Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit en hún var ekki opnuð.

Gröf nr. 56. Kista [1668] var 0,88 m löng og 0,23 m breið. Hún var nokkuð illa farin, en var greinilega sexstrend og virtust hliðarnar vera samsíða (C1). Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit.

Gröf nr. 57. Kista [2657] var 0,45 m löng og 0,22 m breið. Hún var svo illa farin, svo að lögun hennar var ekki alveg ljós. Hún virtist þó einna helst hafa verið sexstrend og mjókkað aðeins til fóta, þar sem hún var 0,18 m breið.

Gröf nr. 58. Kista [2658] stóð að hluta til út úr suðurbakka svæðisins og sást þar í 0,89 m langan og 0,33 m breiðan hluta af norðaustur horni hennar. Kistan var sexstrend og virtist mjókka til fótanna (C3). Hún var ekki opnuð.

Gröf nr. 59. Kista [2660] var 0,46 m löng, höfðagafllinn 0,24 m breiður og fóttagafll 0,18 m. Hún var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3).

Gröf nr. 60. Kista [2661] var sexstrend á allar hliðar og mjókkaði til fóta (C3). Að utamáli var hún a.m.k. 1,84 m að lengd. Lagna-skurður hafði skaddað austasta hluta kistunnar. Breidd höfðagaflls var 0,72 m og fóttagaflls var 0,49 m. Greina mátti leifar af svörtum lit á kistu.



Mynd 45. Bein í kistu 50. Efst eru leifar af lok- og gaffljöllum.



Mynd 46. Yfirlitsmynd af kistum 46-65 í kirkjugarði á svæði U15. Efst eru leifar norðurhliðar kirkjugarðsins.

Lokið var ekki tekið af en sjá mátti að fætur lágu beinir og samsíða.

Gröf nr. 61. Kista [2693] var 1,74 m löng að utanmáli og 1,68 m að innanmáli. Höfuðgaffl var

0,61 m breiður að utanmáli og 0,46 m að innanmáli. Fótagafl var 0,4 m breiður að utanmáli og 0,32 m að innanmáli. Kistan var sexstrend, þó að gaflar virtust vera óvenju brattir, og mjókkaði til



Mynd 47. Yfirlitsmynd af líkkistum 65-76 á svæði U15.



Mynd 48. Beinagrind í kistu 61, með hendur í skauti og samsíða fætur.

fóta (C3). Hefilspænar voru á kistubotni. Á kistunni mátti greina leifar af svörtum lit.

Beinagrindin var heilleg. Mjaðmarskoran (e. *sciatic notch*) var víð og brúnabogi við nefbein var ávalur. Eyrnabein voru fremur stór. Hendur lágu krosslagðar í skauti (B1) og fætur voru

beinir og samsíða. Lærleggur var 0,415 m langur (mynd 48).

Gröf nr. 62. Kista [2659] var 0,61 m löng og 0,25 m breið, sexstrend og virtust hliðar vera samsíða (C1). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni.



Mynd 49. Beinagrind í kistu 64. Vinstri hendi liggur í skauti en hægri hendi á lend.



Mynd 50. Bein í kistu 67. Hendur eru á lendum og fætur samsíða.

Gröf nr. 63. Kista [2663] var 0,63 m löng, Höfðagafli var 0,21 m breiður og fótagafl 0,17 m breiður. Hún var sexstrend og mjókkaði aðeins til fóta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni.

Gröf nr. 64. Kista [2662] var 1,9 m löng að utanmáli og 1,80 m að innanmáli. Höfðagafli var 0,61 m breiður að utanmáli og 0,57 m að innanmáli. Fótagafl var 0,4 m breiður að utan og 0,36 m að innanmáli. Kistan var sexstrend og mjókkaði lítillega til fóta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni (mynd 49).

Beinagrindin var nokkuð illa varðveitt. Höfuðkúpan var þó heilleg. Brúnabogar hennar voru hvassir við nefrót, eyrna- og hnakkabein voru lítil. Vinstri hendi lá í skauti en hægri hendi virtist liggja á lend. Hugsanlega hefur hún færst úr stað. Mjaðmagrindin var bæði illa varðveitt og brotin. Hið sama átti einnig við um vinstri handleggjabein og báða lærleggi. Fætur voru beinir og samsíða. Lærleggur var um 0,5 m langur. Þetta var fullorðinn einstaklingur.

Gröf nr. 65. Kista [2689] var 1,87 m að lengd. Breiddin var ekki greind nákvæmlega, því að suðurhlíð kistunnar lá innundir suðurbakka uppgraftarsvæðisins. Að vestan var 0,45 m breiður hluti af höfðagafli sýnilegur og að austanverðu 0,28 m af fótagafl. Kistan var sexstrend (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni, sem var ekki opnuð.

Gröf nr. 66. Kista [2690] var 1,82 m að lengd að utanmáli og 1,79 m að innanmáli.

Höfðagafli var allt að 0,51 m breiður að utanmáli og 0,45 m að innanmáli. Fótagafl var 0,44 m að breiður að utan og 0,42 m að innanmáli. Kistan var sexstrend, og mjókkaði nokkuð til fóta, en gaflarnir virtust vera brattari og voru hugsanlega beinir (C2). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni. Beinir voru illa farin og höfuðkúpan samanpressuð. Tennur voru þó heilar. Hendur lágu í skauti og fætur voru beinir og samsíða (mynd 51).

Gröf nr. 67. Kista [2691] var 1,70 m löng að utanmáli og 1,67 m að innanmáli. Höfðagafli var allt að 0,51 m breiður að utanmáli og 0,45 m að innanmáli. Fótagafl var 0,32 m breiður og 0,25 m að innanmáli. Hefilspæinir voru á kistubotni. Kistan var sexstrend, og mjókkaði til fóta, en gaflarnir virtust vera brattari og voru hugsanlega beinir (C2). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni. Beinagrindin var heilleg. Tennur voru heilar, en nokkrar framtennur vantaði. Hendur lágu í skauti (B) og fætur voru beinir og samsíða (b). Mjaðmagrindin var brotin. Lærleggur var 0,4 m langur (mynd 50 og 51).

Gröf nr. 68. Kista [2692] var 1,7 m löng, höfðagafli var 0,45 m breiður og fótagafl var 0,27 m. Kistan var sexstrend, mjókkaði nokkuð til fóta, en gaflarnir virtust vera brattari og voru hugsanlega beinir (C2). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni, sem var ekki opnuð (mynd 51).

Gröf nr. 69. Kista [2664] stóð að hluta til út úr suðurbakka uppgraftarsvæðisins. Sýnileg



Mynd 51. Kistur 66, 67 og 68 á svæði U15. Neðst til hægri sést í hornið á kistu 65.

lengd kistu var 1,70 m en aðeins vantaði á austurgafflinn, sem var undir bakkanum. Af vesturgafflinum sáust 0,35 m og 0,25 m af fótagaflvi við austurenda. Gerð kistunnar varð ekki greind með vissu en virtist helst hafa verið með ljósberalagi (B). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni.

Gröf nr. 70. Kista [2665] var 1,91 löng að utanmáli og 1,84 m að innanmáli. Höfðagafl var allt að 0,55 m að utanmáli og 0,48 m að innanmáli. Fótagafl var 0,38 m breiður að utanmáli og 0,36 m að innanmáli. Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni. Beinir, sem voru nokkuð vel varðveitt. Á höfuðkúpu voru hvassir brúnabogar við nefrót og saumar vel grónir. Miklir samgróningar voru á milli liða og voru fjórir neðstu liðir tærðir. Tennur voru litlar og mjög slitnar. Hendur lágu í skauti. Fætur voru beinir en nokkuð gleiðir (mynd 52).

Gröf nr. 71. Kista [2666] var 1,86 m löng og 1,78 m að innanmáli. Höfðagafl var allt að 0,59 m breiður og 0,55 m að innanmáli. Fótagafl var

0,41 m breiður og 0,3 m að innanmáli. Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni. Beinir voru sæmlega vel varðveitt en höfuðkúpan brotin. Lokkar af ljósu hári voru enn sýnilegir. Tennur voru heilar og var innsti jaxlinn að koma upp. Neðri hluti beinagrindar var ver farin morkinn og nokkuð illa varðveittur. Hendur lágu niður með síðum og fætur voru samsíða og beinir (mynd 52).

Gröf nr. 72. Kista [2667] var 1,9 m löng og 1,85 m að innanmáli. Höfðagafl var 0,55 m breiður og 0,49 m að innanmáli. Fótagafl var 0,41 m breiður og 0,37 m að innanmáli. Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni. Beinir voru heil og vel varðveitt. Mikið ljóst hár var á höfði. Á höfuðkúpu voru brúnabogar fremur hvassir við nefrót. Eyðing var í beini við tvær tennur í neðri kjálka, eftir mikla tannholdssýkingu. Hendur lágu í skauti og fætur voru samsíða og beinir (myndir 52-53).

Gröf nr. 73. Kista [2668] var 1,2 m að lengd. Breidd höfðagafls var 0,38 að utanmáli og



Mynd 52. Þrjár kistur, 70-72, þar sem lokinu hefur verið lyft af.



Mynd 53. Höfuðkúpa með leifum af hári í kistu 72. Einnig sjást merki alvarlegrar tannrótariðgerðar á neðri kjálka.



Mynd 54. Yfirlitsmynd af líkkistum 72-79 á svæði U15. Tveir metrar eru á milli krossanna í hnitakerfinu.



Mynd 55. Beinagrind í kistu 76. Óopnuð barnskista 75 sést neðarlega til vinstri.



Mynd 56. Beinagrind í kistu 78. Hendur liggja í skauti og fætur eru samsíða.

0,35 m að innanmáli. Fótagafl var 0,3 m breiður. Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni en hún var ekki opnuð.

Gröf nr. 74. Kista [2669] stóð að hluta til út úr suðurbakka uppgraftarsvæðis U15. Sýnileg lengd hennar var 1,75 m en heildarlengd var líklega rúmir 1,8 m. Höfðagafl var um 0,55 m breiður. Af fótagaflí sáust 0,35 m. Kistan var ekki opnuð en var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni.

Gröf nr. 75. Kista [2688] var 0,55 m löng að utanmáli. Höfðagafl var 0,24 m breiður og fótagafl 0,16 m. Kistan, sem var barnskista, lá þétt upp að kistu 76 og gæti því hafa verið fyrir barn sem grafið var við hlið fullorðins einstaklings. Kistan, sem ekki var opnuð, var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni (mynd 54 og 55).

Gröf nr. 76. Kista [2670] var 1,7 m löng og 1,6 m að innanmáli. Höfðagafl var 0,55 m breiður og 0,43 m að innanmáli, fótagafl 0,36 m breiður og 0,31 m að innanmáli. Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á henni. Tennur voru slitnar en alveg óskemmdar. Það vantaði einn jaxl og endajaxlar voru ekki til staðar. Handarbein voru nokkuð illa farin en hendur virtust hafa legið niður með síðum, eða hugsanlega á lendum (A eða A1). Fætur voru samsíða og beinir (mynd 55).

Gröf nr. 77. Kista [2671] var 1,86 m löng.

Hliðarnar voru nánast samsíða. Höfuðgafl var 0,5 m og fótagafl 0,46 m breiður. Kistan var sexstrend og voru hliðarnar nánast samsíða (C1). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni. Beinir voru ekki hreinsuð fram en hendur lágu í skauti og fætur voru samsíða og beinir.

Gröf nr. 78. Kista [2672] var 1,9 m löng og 1,82 m að innanmáli. Höfðagafl var 0,61 m breiður og 0,48 m að innanmáli og fótagaflinn 0,41 m breiður og 0,35 m að innanmáli. Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Beinagrindin var heilleg og af fullorðnum einstaklingi. Tennur voru heilar og ekki mikið slitnar. Í vöngum var mikið grátt hár og sítt alskegg. Einnig voru hár á bringu. Hendur lágu í kross í skauti og fætur voru samsíða og beinir (myndir 56 og 57).

Gröf nr. 79. Kista [2673] var 1,77 m löng og 1,74 m að innanmáli. Höfðagafl var 0,6 m breiður og 0,47 m að innanmáli og fótagafl 0,36 m breiður og 0,3 m að innanmáli. Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Á henni mátti greina leifar af svörtum lit. Hefil- og tréspænix voru á botni hennar. Norðvesturhorn kistunnar lá inn undir kistu 80. Beinir voru allheil en höfuðkúpan var brotin. Tennur voru mjög slitnar. Hendur lágu á kviði og fætur voru samsíða og beinir (myndir 58 og 60).

Gröf nr. 80. Kista [2674] var 1,82 m löng, 1,73 m að innanmáli. Höfðagaflinn var 0,5 m breiður og fótagaflinn var 0,45 m. Kistan var sexstrend á allar hliðar og voru þær nánast samsíða



Mynd 57. Nærmynd af höfuðkúpu með ljósu hári og skeggi í kistu 78.

(C1). Miðfjöl loksins virtist hafa verið þrískipt og gæti þar hafa verið trérammi svipað og var á kistu 19. Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni en hún var ekki opnuð.


Gröf nr. 81. Kista [2694] var illa farin og ekki grafin fram að fullu. Hún var um 0,64 m

löng og 0,18-0,21 m breið. Ekki var hægt að greina gerð hennar með vissu en hliðarnar virtust mjökka aðeins til fóta. Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni. Hún var ekki opnuð.

Gröf nr. 82. Kista [2677] var 0,65 m löng og 0,33 m breið. Kistan var sexstrend og voru hliðar



Mynd 58. Bein í kistu 79. Hendur liggja yfir kvið og fætur eru samsíða.



Mynd 59. Yfirlitsmynd af líkkistum 80-90 á svæði U15. Steinarnir sem sjást ofarlega á myndinni eru leifar af norðurhlið kirkjugarðsveggjarins. Kaplarnir eru lagnir sem lágu inn í kirkju.



Mynd 60. Kistur 78–85. Greina má þrískipta miðfjöl kistu 80 og tvær holur í miðfjöl kistu 84.



Mynd 61. Bein í kistu 84. Hendur liggja í skauti og fætur eru samsíða.

hennar nánast samsíða (C1). Greina mátti leifar af svörtum lit á henni. Hún var ekki opnuð.

Gröf nr. 83. Kista [2687] var nokkuð illa farin. Hún var um 0,64 m löng og 0,28 m breið við höfðagafl og um 0,2 m við fótagafl. Erfitt var að greina gerð hennar með vissu en líklega var hún sexstrend (C2 eða C3). Suðurhlið kistunnar lá inn undir kistu 82. Greina mátti leifar af svörtum lit á henni en hún var ekki opnuð.

Gröf nr. 84. Kista [2675] var 1,89 m löng og 1,82 m að innanmáli. Höfðagafl var 0,62 m breiður og 0,49 m að innanmáli. Fótagafl var 0,44 m breiður og 0,39 m að innanmáli. Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta. Gaflar kistunnar virtust vera beinir (C2). Ofarlega á miðjufjöl loksins voru tvö aflöng göt, þar sem hugsanlega hefur verið festur skjöldur eða annar búnaður, sem nú var horfinn. Sams konar holur voru á báðum hliðarfjölunum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar holur gegndu en hugsanlega voru þær festingar fyrir skraut. Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni.

Beinagrindin var heilleg og af karli. Leifar af ljósu hári voru enn á höfði hans. Tennur voru heilar og lítið slitnar. Of þröngt var fyrir forjagl, eða 5. tönn í neðri góm hægra megin. Hendur lágu í skauti en ekki var hægt að greina hvort

hendur hefðu verið saman eða krosslagðar (B). Fætur voru samsíða og beinir (mynd 61).

Gröf nr. 85. Kista [2676] var 0,5 m löng og 0,18 m breið. Hún lá meðfram norðurhlið kistu 84. Gerð hennar varð ekki greind með vissu. Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni sem var ekki opnuð.

Gröf nr. 86. Kista [2678] var 1 m löng og 0,3 m að breidd, sexstrend og með samsíða hliðar en gaflar gætu hafa verið beinir (C1). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni sem var ekki opnuð.

Gröf nr. 87. Kista [2679] var 1,5 m löng og höfðagaflinn var 0,4 m breiður. Fótagafl var 0,3 m breiður. Kistulagið var ekki greint með vissu en kistan var líklega sexstrend á allar hliðar og mjókkaði til fóta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á henni. Lok kistunnar var að mestu horfið en beinin voru ekki hreinsuð fram. Hendur virtust hafa verið krosslagðar í skauti og fætur legið samsíða og beinir.

Gröf nr. 88. Kista [2680] var 1,87 m löng og 1,82 m að innanmáli. Höfðagafl var 0,48 m breiður og 0,43 m að innanmáli. Fótagafl var 0,33 m breiður. Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á henni. Beinagrindin var af konu. Höfuðkúpan var brotin en beinin voru annars heil. Engar fram-



Mynd 62. Loftmynd af líkkistum 86-94 undir vegstæði á svæði U15. Ofarlega á miðri mynd er grjótdreif úr norðurhlíð gamla kirkjugarðsveggjarins.

tennur voru sýnilegar í kjálka aðeins holurnar eftir þær. Hendur voru krosslagðar í skauti (B1) og ofarlega á vinstri handlegg var armband (Þjms 1988-213-283, myndir 63, 64 og 83). Fætur voru beinir og samsíða.


Gröf nr. 89. Kista [2682] var 0,45 m löng og 0,25 m breið við höfðagafl. Við fótagafl var hún 0,2 m breið. Kistan virðist hafa verið sexstrend og mjókkaði aðeins til föta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni sem var ekki opnuð.

Gröf nr. 90. Kista [2681] var 1,81 m löng og 1,78 m að innanmáli. Höfðagafl var 0,55 m

breiður og 0,48 m að innanmáli. Fótagafl var 0,4 m breiður og 0,36 m að innanmáli. Kistan var sexstrend og mjókkaði til föta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á henni. Beinagrindin var heil og vel varðveitt. Tennur voru slitnar. Hendur lágu í skauti, fætur voru samsíða og beinir. Við efri hluta hægri handar í kistunni voru slitur af þrjónaðri peysu sem teknar voru til varðveislu (Þjms 1988-213-245). Peysur af þessari gerð munu hafa verið algengar á 18. öld (sjá nánar í kafla um textílan á bls. 100 (mynd 65 og 66).



Mynd 63. Bein í líkkistu 88.



Mynd 64. Nærmynd af stellingu handa í kistu 88. Innan hringsins sést armband (Þjms 1988-213-283) ofarlega á vinstri hendi.

Gröf nr. 91. Kista [2683] var um 1,3 m löng. Höfðagafi var 0,48 m breiður og fótagafi 0,37 m breiður. Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni sem var ekki opnuð.

Gröf nr. 92. Kistan [2684] var 0,9 m löng. Höfðagafi var 0,3 m breiður og fótagafi 0,24 m

breiður. Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á kistunni sem var ekki opnuð.


Gröf nr. 93. Kista [2685] var 1,78 m löng. Höfðagafi var 0,5 m breiður og fótagafi 0,34 m breiður. Kistan, sem var samsíða kistu 94 og lá aðeins inn undir hana, var sexstrend og mjókk-



Mynd 65. Kista 90 eftir að loki var lyft af. Við hægri handlegg eru leifar af klæðisplaggi (Þjms. 1988-213-245).



Mynd 66. Hluti af þrjónaðri flík (Þjms 1988-213-245) sem fannst í gröf 90.



Mynd 67. Skissan (T-1988-37) sýnir dæmigert útlit á kistum sem grafnar voru fram af gerðinni C3. Neðri kistan, í gröf nr. 91, var 1,3 m löng. Efri kistan, númer 92, var 0,9 m að lengd.



Mynd 68. Horft til vesturs yfir bein í kistum 93 og 94.

aði til fóta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á henni. Beinín voru illa varðveitt og höfuðkúpan var brotin. Tennur voru eyddar og margar vantaði. Mjaðmagrindin var illa varðveitt. Hægri hendi lá í skauti en vinstri hendi niður með síðu. Hugsanlega hafði hún færst til áður en kistan var

sett í gröfina. Fætur voru samsíða og beinir (b) (mynd 68).

Gröf nr. 94. Kista [2686] var 1,73 m löng. Höfðagafli var 0,48 m breiður og fótagafl 0,32 m. Kistan var sexstrend og mjókkaði til fóta (C3). Greina mátti leifar af svörtum lit á henni.



Mynd 69. Yfirlitsmynd af kistum 88 til 94, norðvestast í kirkjugarðinum. Grjótdreifin efst á myndinni eru leifar af norðurhlið kirkjugarðsins.

Beinin voru illa varðveitt. Höfuðkúpan var brotin en leifar voru af hári. Tennur voru eyddar og margar vantaði. Mjaðmagrind var brotin. Hendur munu hafa legið í skauti. Fætur voru samsíða og beinir (mynd 68).

Kistur 93 og 94 lágu vestast í kirkjugarðinum á svæðinu sem grafið var upp. Grafir sem skráðar voru til viðbótar í úrvinnslu fengu hlaupandi númer þar fyrir ofan.

2. kafli – Kirkja og kirkjugarður

Til eru allmiklar heimildir um kirkjuna og kirkjugarðinn á Bessastöðum. Þar kemur fram ýmis fróðleikur og upplýsingar sem er áhugavert að skoða í ljósi þess að hluti kirkjugarðsins var grafinn upp. Nefna má ágæta samantekt á sögu kirkjunnar í ritgerðinni *Bessastaða kirkjur* (Vigfús Guðmundsson, 1941), kafla um Bessastaði í ritinu *Landið þitt Ísland* (Einar Laxness, 1985), og ítarlega úttekt á Bessastaðakirkju í ritröðinni *Kirkjur Íslands* (Jón Þ. Þór et al., 2008). Samkvæmt þeim voru a.m.k. fjórar kirkjur reistar á staðnum auk fjölmargra viðgerða og endurbóta. Hin fyrsta var reist á 11. öld en hinar þrjár árin 1617, 1620 og 1777. Þarna vantar um 500 ára byggingarsögu, en ætla má að þar hafi verið tvær til þrjár miðaldakirkjur hið minnsta, sem engar heimildir eru til um. Eftir 1600 fer heimildum fjölgandi, ekki síst upplýsingum um viðgerðarsögu kirkjunnar. Þær sýna mjög vel hve erfitt var að afla fjár fyrir nauðsynlegu viðhaldi kirkjunnar og að ástand hennar var löngum ótrúlega slæmt.

Þar sem kirkjan á Bessastöðum var helguð heilögum Nikulási hafa verið leiddar að því líkur að fyrsta kirkjan hafi verið reist nálægt aldamótum 1100, þegar vinsældir Nikulásar voru mjög að aukast í Evrópu (Vigfús Guðmundsson, 1941). Í ljósi þess að fornleifarannsóknin sýndi að á Bessastöðum var stórbýli þegar á 10. öld verður þó að telja sennilegra að kirkja hafi verið reist þar fyrr, eða skömmu eftir árið 1000. Frekari upplýsingar um fyrstu kirkjunnar á staðnum munu þó ekki fást nema að fornleifarannsókn verði gerð undir núverandi kirkju.

Hér eru dregnar saman helstu upplýsingar úr ofangreindum heimildum sem snerta byggingarsögu kirkju og kirkjugarðs.

Fyrsta kirkjan er talin hafa risið á Bessastöðum á 11. öld þó að elsta heimild um kirkju á Bessastöðum komi ekki fyrr en með kirknatali Páls biskups Jónssonar frá um 1200. Eignir kirkjunnar eru fyrst tilgreindar árið 1350 þegar Brynhildur, ekkja Holta hirðstjóra, skilaði af sér jörð, búi og húsum á Bessastöðum. Elsti máldagi kirkjunnar var ritaður árið 1352. Kirkjan átti þá

m.a. ½ heimalands, 19 kýr, 52 ær, graðung og fimm hesta. Eignir kirkjunnar eru líka tilgreindar í Vilchins máldaga árið 1397.

Týli Pétursson, sem hafði gegnt hirðstjóraembætti á Bessastöðum, braut upp kirkjuna og rændi sköttum konungs og öðru fé árið 1523. Árið 1616 var kirkjan að hruni komin af elli og fúa. Konungur lagði skatt á allar aðrar kirkjur í landinu til endurbyggingar kirkjunnar á Bessastöðum.

Ný kirkja var reist árið 1617. Juren Daniel umboðsmaður á Bessastöðum byggði þá kirkju úr innfluttu timbri, án bita. Tveimur árum síðar var kirkjan ekki talin embættisfær nema í stilltu veðri. Í lýsingu úttektarmanna kom m.a. fram að bönd úr stöfum í sperrur væru flest brotin og undirstokkar klofnir og sundurrifnir að neðanverðu. Þeir töldu að taka þyrfti kirkjuna alveg ofan og bæta í hana þrettán 14 álna löngum bitum. Af þessu má marka stærð kirkjunnar. Hún virðist hafa verið einlæg og jafnvíð, 14 stafgólf (28 álnir?) á lengd og 13-14 álnir á vídd. Annálar greindu síðan frá því að „bitalausa kirkjan á Bessastöðum“ hefði hrapað til grunna í óveðri þetta sama ár. Árið 1619 var hafist handa um að reisa nýja kirkju úr leifum gömlu kirkjunnar (Anna Ólafsdóttir Björnsson, 1996:79-82; Vigfús Guðmundsson, 1941:9).

Árið 1620 var smíðuð ný kirkja úr viðum fyrri kirkjunnar sem hrundi. Hún var með moldargólfi, torfveggjum og torfþaki. Fimmtán árum síðar, árið 1635 þarfnaðist þessi kirkja viðgerðar og endurbóta sem fóru svo fram árið 1642. Í vísitásium þetta ár segir m.a. að kirkjan hafi verið endurbætt og byggð af Jóhanni Klein, með yfirþaki af súð. Hún var sögð 12 stafgólf, öll þiljuð að innan, bæði kór og kirkja, nema gólfíð í framkirkju. Súðþil sé á hvorutveggja og skammbitar. Þil sé bak og fyrir í kirkjunni og eikarþil báðum megin að hliðum. Átta glergluggar, 16 setustólar hægra megin en 17 vinstra megin. Stór og væn hurð sé fyrir dyrum á þremur jarnum og lokuhurð á jarnum þar innan í (Vigfús Guðmundsson, 1941:10).


Gert var við kirkjuna árið 1652 en 1655 var kirkjan aftur orðin mjög hrörleg og fékk Hinrik Bjelke leyfi konungs til þess að flytja óhindrað nægilegt timbur frá Noregi á skipi sínu til þess að byggja upp kirkjuna. Viðgerð fór fram árið 1661 en Brynjólfur biskup taldi allt vera svo sem fyrr, en bætti þó við að kirkjan hefði verið endurbætt af Jóhanni Klein með „yfirþaki af súð“, eins og fram kom árið 1652. Þetta þýðir líklega að Jóhann Klein hafi látið alveg nýtt ytra þak á kirkjuna og gert við hana að öðru leyti, án þess að breyta lagi hennar eða rífa hana til grunna (Vigfús Guðmundsson, 1941:11-12).

Árið 1678 hafði nýtt klukknartort verið byggt. Kirkjan þarfnist hins vegar bráðra aðgerða og var svo hrörleg að hún var ekki talin embættisfær í stórveðrum.

Árið 1683 lét Jóhann Klein fógeti byggja kór kirkjunnar. Þegar úttekt var gerð á staðnum árið 1697 þóttu bæjarhúsin hafa dugað stutt og að kirkjan væri líka ansi lasleg, einkum ytra þakið. Við vísitásiu árið 1703 hafði ástandið ekki batnað neitt. Kirkjan var sögð tólf stafgólf öll úr timbri, bundin með skakkslám í sjö stafgólf að norðan og sex að sunnan. Burðarvirkið var sterkt, en undirstokkar fúnir og moskaðir allviða. Súðin í framkirkju var fúin og lasin en heillegri að sjá í kórnum. Þilið, bæði að framan og til beggja hliða var illa farið og opið. Einnig var rjáfrið opið milli kórs og kirkju. Framkirkjan þótti sérlega illa farin og ekki embættisfær. Af átta glergluggum í kór voru sex brotnir. Gluggi með einni rúðu sem var yfir predikunarstól var brotinn. Í ítarlegri og mjög merkilegri úttekt sem gerð var á Bessastaðakirkju árið 1718 kom fram að kórinn var fjögur stafgólf, allur úr timbri, vel bundinn að innanverðu, með langsúð og þversúð að utanverðu. Fjórir gluggar á suður- og norðurhliðum voru allir illa farnir og brotnir og tveir alveg horfnir. Fjalagólf var sagt bæði gamalt og lélegt. Yfirþakið gegnfúíð og víða fokið burt, svo að bæði rigndi og snjóaði inn á vetrum. Framkirkjan var átta stafgólf, þrettán álna víð og öll úr timbri. Hún var sögð ótilgengin þó að undirstokkar og aflviðir væru mjög fúnir. Öll súðin sögð opin og ónýt til annars en til gólfs. Ekkert timburgólf væri í framkirkjunni og þurfi fólk að

vaða í mold og bleytu, þegar rigndi. Var kirkjan sögð að falli komin, ófær til embættisverka og bæri að rífa til grunna. Lagt var til að keypt væru 120 Gullandsborð, 800 reksaumar og tjörutunna til að gera við kirkjuna þó að einhverja viði úr henni væri hægt nota í minna hús (Vigfús Guðmundsson, 1941:12-13).

Enn var talað um brýna nauðsyn að byggja bæði hús og kirkju á Bessastöðum og árið 1721 voru lagðir samtals 1034 rd. í framkvæmdina. Fyrir ofangreinda fjárhæð var pantað mikið af timbri, einkum borðviði, og nöglum til viðgerðar á kirkjunni. Árið 1724 var viðgerð kirkjunnar sögð langt komin, en að það sé þó ekki betur gert en svo að alls staðar komist leki inn um þakið, þó að 120 álnir af vaðmáli hafi verið notaðar til að þétta það. Árið 1727 var bæði búið að gera við kirkjuna og byggja nýtt hús fyrir amtmann en sá galli sagður á framkvæmdinni að bæði kirkjan og húsið leki við minnstu úrkomu. Eftirfarandi lýsing er til af kirkjunni frá 1730: „Kirkjan er nýbygð af sterkum viðum. Framkirkjan 8 stg. með fjalagólfi og standfjölum beggjamegin, listuðum að utan, og þilið eins að framan. Kórinn 4 stg., minni en eins bygður. Skúrfjöl um þvert og vindskeiðar á báðum stöfnum. Útbrot, eins bygð að norðan í 2 instu stafgólf framkirkjunnar, og sömuleiðis við 2 stg. í kórnum, en minna. „Sunnan fram líka so“. Þökin með reisifjöl og listum utan. Stólar 11 að norðan og „Pulpiltum“ eða hástóll, hér um faðmur á hvorn veg, með „pílárum“ alt í kring, gegnt prédikunarstól. Að sunnan 9 stólar. Í kórnum eru ófóðraðar bekkjafjalir. Milli kórs og kirkju er bjálkabygging, með þili neðst, og „pílárum“ við hástólinn, bæði við kór og útbrot“ Óskað var eftir því að fá að leggja ytra þak á kirkjuna og tjarga hana vel til varnar sól og regni (Vigfús Guðmundsson, 1941:17-18). Árið 1745 þarfnast kirkjan enn mikilla viðgerða. Áhugaverðar upplýsingar koma nú fram um kirkjugarðinn en Pingel amtmáður sakar sóknarbændur og hreppstjóra sérstaklega fyrir sviksemi við hleðslu kirkjugarðsins. Bæði hafi þeir hlaupið frá hálfgerðu verki og sumt sé svo illa gert að það geti ekki staðið. Árið 1747 virðast hafa komið upp hugmyndir um að byggja aftur torfkirkju á Bessastöðum og óskaði stiftamtmað-



Mynd 70. Elsta teikning sem til er af kirkju og kirkjugarði á Bessastöðum, og sem lýst er í úttektinni árið 1718. Kirkjan er timburkirkja. Aðeins einn gluggi er sýndur á kór kirkjunnar þó að fjórir gluggar séu taldir upp í úttektarlýsingu á norðurhlið. Kirkjuveggir eru úr láréttum borðum. Þak kirkjunnar er einnig með láréttum borðum og liggja tvö langbönd lóðrétt yfir samskeyti borðanna. Þak kórsins er lagt með reisifjöl. Kirkjugarðsveggurinn er sagður vera úr torfi og að austanverðu endar hann við austurgöfl kirkjunnar. Hliðið markast af tveimur háum torfstöplum.


ur eftir kostnaðaráætlun fyrir slíkri byggingu og hve mikið af viðum úr timburkirkjunni væri hægt að nota í hana.

Árið 1748 voru liðin 24 ár frá því að umtalsverð viðgerð fór síðast fram á kirkjunni og aftur talin þörf á að taka framkirkjuna alveg ofan. Óvíst er hvort það var gert. Mest öll kirkjan var að hruni komin og ekki embættisfær. Amtmaður vildi ekki fá torfkirkju að Bessastöðum. Á sama ári var kvartað yfir því að grafhýsi undir kirkjunni á Bessastöðum væri nú ekki aðeins notað til geymslu og fyllt með dóti, heldur væri líka búið að taka þaðan lík sem þar hefði verið grafssett (Vigfús Guðmundsson, 1941:18-20).

Árið 1750 var enn kvartað yfir því að kirkjan væri ekki embættisfær. Konungur veitti þá 284 rd. lán og fyrir þetta fé voru sendar 60 tylftir af borðum til Bessastaða. Viðgerð dróst engu að síður, og lá viðurinn úti í 2-3 ár og varð fyrir skemmdum, líklega vegna umskipta forráðamanna á Bessastöðum. Í vísitasíu biskups árið 1751 kvað enn við sama tón. Hann sagði tvöfalda súð vera á suðurhlið þekjunnar, en að einföld súð að norðan væri að miklu leyti gagnfúin. Kirkjuna

sagði hann svo óþetta að hún teldist ekki embættisfær. Einhverjar smáviðgerðir höfðu þó verið gerðar á kirkjunni bæði 1749 og 1750, eins og oft var gert (Vigfús Guðmundsson, 1941:20).

Viðgerð á kirkju hófst árið 1753. Útbrot líklega tekin niður. Loks virðist vera farið að gera við kirkjuna. Timbur úr kirkjunni var selt og fékkst fyrir það 357 rd. Þetta háa verð bendir til þess að útbrotin hafi þá verið tekin frá kirkjunni. Árið 1757 var viðgerð lokið en þó virtist ekki vera búið að bika nema hálfu kirkjuna. Allnákvæm lýsing á kirkjunni er í vísitasíu Finns Jónssonar biskups árið 1758: „Stærðin eins og fyr 8 og 4 stg., sterk og stæðileg að viðum, þó lítið fúnir undirstokkar. – Súðin að mestu ófúin í kórnum, en á framkirkjunni „vatnsrunnin og svört af fúa“. Utanyfir súðinni er listuð reisifjöl, ný á kórnum og norðurhlið framkirkjunnar, en gömul að sunnan, heilleg þó, en listar fúnir. Standþil listað er á báðum stöfnum heilt og ófúid. Veggjapilinn eins, nýtt að sunnan og í kórnum að norðan. Kirkjuhurðin tvöföld, með skrá, lykli og járnhring. Aðrar læstar dyr „liggja út úr kirkjunni sunnan fram“. Fjalagólf í kór og allri framkirkju, „nema



Mynd 71. Hluti af teikningu sem sýnir húsaskipan á Bessastöðum árið 1831. Hér er búið að stækka kirkjugarðinn til austurs og greinilegt að grindverk er komið á vestur- og austurhlíð garðsins. Hlíð er á miðju grindverkinu sem snýr að Bessastaðastofu. Norður- og suðurhlíðar kirkjugarðsins virðast vera úr grjóti.

í stykki norðan fram“. Kórgólfíð er víða laslegt og fúið sumstaðar. Stúka er sunnan fram við kórinn, með brotnum glugga, hurð og lélegri skrá. Bekkir í kór umhverfis fóðraðir og með brikum, sömuleiðis í framkirkjunni, 11 að sunnan, en 10 að norðan, og inst að norðan „afdeildur stóll með hurð“. Grafstúka með hurð, skrá og lykli, að norðan utar við kirkjudyf, „henni til þrengsla, en engra nytsemda“. Þá var þess getið að kirkjugarðurinn væri uppistandandi að mestu, en sums staðar hruninn eða að falli kominn (Vigfús Guðmundsson, 1941:21). Aftur var farið að huga að gagngerðri endurbyggingu á kirkjunni árið 1768 og árið 1769 taldi biskup hana mjög fúna og tilgengna. Grafstúkan hafi verið fjarlægð og stólar settir þar í staðinn. Lélegt fjalagólf sé í allri kirkjunni. Kirkjan var ekki sögð messufær og þyrfti bráðlega að endurbyggja hana. Kirkjugarðurinn var hins vegar uppistandandi og í sæmilegu ástandi og smíðað hafði verið vænt klukknaport í sáluhlíðið (Vigfús Guðmundsson, 1941:22-23).

Vinna hófst við byggingu steinkirkju árið 1777. Undirbúningur hafði staðið frá 1774 og var ákveðið að reisa nýju kirkjuna utan um þá gömlu. Grafa þurfti rúmlega 2 m djúpan grunn og var þykkt veggja um 1,1 m. Thodal amtmaður, og síðar stiftamtmaður, sýndi kirkjubyggingunni mikinn áhuga og lét halda henni áfram

öll árin meðan hann var á Bessastöðum. Verkið sóttist seint og þegar hann fór þaðan árið 1785 var byggingin ekki fullgerð en byggingarefni og byggingarfé á þrotum. Gamla kirkjan var þá enn ekki talin messufær. Levetzow stiftamtmaður ritaði stjórn konungs bréf árið 1786, þar sem hin níu ára gamla steinkirkjubygging var sögð mjög hrunin og að brún þörf væri á að halda byggingunni áfram (Vigfús Guðmundsson, 1941:25-26, Þorsteinn Gunnarsson, 2008:20-34).

Í bréfum frá 1890 kom fram áframhaldandi vanhirða á gömlu kirkjunni á Bessastöðum. Í vísitasíu biskups árið 1791 var tekið fram hafi engu verið bætt við nýju kirkjuna fyrr en nú, að Meldal amtmaður hafi látið halda byggingunni áfram. Sama ár tók Ólafur Stephensen stiftamtmaður við stjórn og kirkjunni á Bessastöðum og tókst honum að fullgera kirkjuna, að stöplinum undanskildum (Vigfús Guðmundsson, 1941:26-27).

Árið 1793 var gamla kirkjan líklega rifin en samt vantaði nokkuð upp á að nýja kirkjan væri fullsmíðuð. Á þessu ári var einnig smíðuð og sett upp vönduð rimlagirðing utan um kirkjugarðinn. Kirkjubyggingu var lokið að mestu leyti árið 1794 og komið á hana þak. Mestur hluti vinnunnar þetta ár mun hafa farið í að höggva grjót í hálfgerðan stöpulinn. Kirkjan mun hafa verið vígð um 1795 þó að heimildir um það hafi ekki fundist. Kirkjan var sögð nær fullgjörð en kirkjuturninn væri aðeins hálfgerður. Fyrsta úttektarlýsing sem til er af nýju kirkjunni var gerð árið 1802 (Þorsteinn Gunnarsson, 2008:16-32). Klukknaportið fauk um koll um veturinn 1805 og var ný klukka fest upp í stöpulinn árið 1806. Ekki var þó að sjá að neitt þak væri komið á hann eða að hann væri hækkaður, en gert var við gólf og glugga. Árið 1822 var loksins farið að hækka stöpulinn og þeirri vinnu lokið árið eftir. Líklega var hellan þá tekin af þakinu og notuð til uppfyllingar í stöpulinn. Steinkirkjan taldist loks fullsmíðuð árið 1823, réttum 50 árum eftir að konungur gaf út tilskipun um að byggja skyldi steinkirkju á Bessastöðum. Á teikningu Björns Gunnlaugssonar frá 1831 sem sýnir húsaskipan á Bessastöðum, sést m.a. að búið var að stækka

kirkjugarðinn umhverfis hana til austurs þannig að kirkjan stóð þá í miðjum garðinum. Samkvæmt teikningunni voru allar hliðar garðsins beinar og virðist sem að norður- og suðurhliðar kirkjugarðsins hafi verið hlaðnar úr grjóti, en að timburgirðing hafi verið á vestur- og austurhlið með hliði bæði til austurs og til vesturs. Nokkra athygli vekur að sunnan við kirkjugarðinn eru miklir matjurtagarðar og að framan við sunnanverða Bessastaðastofu stóð fjós. Á teikningu í ferðabók frá 1834 sést að steinkirkjan var risin með viðbyggðum turni (Barrow, 1835:249). Á norðurhlið kirkjunnar voru fjórir stórir bogadregnir gluggar og lítill kvistur var á þaki. Þá sést að kirkjugarðurinn var hlaðinn úr grjóti og að norðurhlið hans sveigði að kirkjunni niður að timburhliði á vesturhlið garðsins. Þessi sveigur á garðinum kom í ljós við uppgröftinn 1988. Þá sýndi uppgröfturinn að austurhlið garðsins virtist hafa verið hlaðinn úr grjóti, en var ekki einföld girðing eins og teikning Björns Gunnlaugssonar sýndi. Í Kirkjum Íslands er talið að kirkjugarðurinn hafi ekki verið færður út til norðurs fyrr en árið 1860 og að grindverki hafi þá verið bætt við til endanna. Ofangreindar teikningar og uppgraftarniðurstöður benda hins vegar til þess að garðurinn hafi verið stækkaður til austurs og hugsanlega einnig til norðurs, öðru hvoru megin við aldamótin 1800 og að öllum líkindum fyrir 1834. Árið 1928 var kirkjugarðsveggurinn með timburgirðingu að vestanverðu, grjóthlaðinn að sunnanverðu en norður- og austurhlið voru steinsteyptar. Grjótbleifarnar sem fundust á svæðum U14 og U15 gætu því að hluta hafa verið undirstöður þessarar steypu girðingar. Hætt var að mestu að jarða í kirkjugarðinum árið 1943 en þá var hann fullgrafinn (Gunnar Bollason, 2008:77-78).

Kistur og grafir – flokkunaraðferðir

Þegar beinagrindur byrjuðu að finnast við uppgröftinn árið 1987 voru nokkrar þeirra teknar upp en þegar í ljós kom að grafirnar voru líklega flestar frá 18. og 19. öld var tekin ákvörðun um að hrófla þeim sem minnst. Eftir það var aðeins hreinsað ofan af kistum sem lentu innan framkvæmdasvæða til þess að geta fengið yfirlit

yfir fjölda grafa sem færu undir veg og umfang kirkjugarðsins til norðurs. Allar kistur lágu í austur-vestur með höfðalagið vestanmegin, að hefðbundnum kristnum sið.

Á yfirlitsteikningu af kirkjugarðinum voru aðeins teiknaðar útlínur á kistunum en ljósmyndir látnar sýna útlit þeirra að öðru leyti (sjá bls. 43-44). Fjallað var um beinagrindur sem fundust árið 1987 í rannsóknarskýrslu fyrir þau svæði (Guðmundur Ólafsson, 2010). Yfirlit og greiningartafla yfir allar kistur og grafir sem fundust á Bessastöðum árin 1987 og 1988 er á bls. 110-112. Þar er reynt að draga saman á einn stað helstu einkenni þeirra. Þess ber þó að gæta að í mörgum tilvikum voru upplýsingar um kistur og innihald þeirra ófullnægjandi, þannig að nauðsynlegt er að taka niðurstöðum sem hér eru settar fram með fyrirvara og líta á þær sem ákveðnar vísendingar.

Kistugerðir

Nokkuð hefur verið fjallað um líkkistur á Íslandi í kjölfar fornleifarannsókna undanfarinna ára. Þar má t.d. nefna Skálholtsrannsóknina, sem fram fór á árunum 1954-1958 (Kristján Eldjárn et al., 1988:111-146); rannsókn á kirkjugarðinum á Stóruborg (Mjöll Snæsdóttir, 1988, 1991); rannsókn í Viðey 1987-1989 (Margrét Hallgrímsdóttir, 1988; 1989:42-48); rannsókn á kirkjugarði við Hólskirkju í Bolungarvík (Garðar Guðmundsson et al., 2005) og Skriðuklaustursrannsóknina (Dagný Arnarsdóttir, 2006; Steinunn Kristjánsdóttir, 2012). Þá er í gangi stór rannsókn á kirkjugörðum í Skagafirði, sem beinist líka að gröfunum (Guðný Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, 2010). Afrakstur allra þessara rannsókna er grunnur að gerðþróunarfræði fyrir grafir og líkkistur. Þá var nýlega gerð samanburðar-rannsókn á handastellingum í íslenskum gröfum (Lilja Laufey Davíðsdóttir, 2008). Hér er byggt á þeim grunni og reynt að bæta nokkru við. Sagt frá gerð líkkistunnar, legu líksins og öðrum umbúnaði sem fannst í kistunni við rannsóknina.


Kistugerðum sem fundist hafa á Íslandi hefur verið skipt í tvo meginflokkka (Kristján Eldjárn, 1988):

Stelling handa		Stelling fóta		Kistugerð		Kistulag - hliðar	
A	Niður með síðum	a	Hægri fótur yfir vinstri	A	Kassalag	1	Samsíða hliðar
A1	Á lendum	b	Beinir fætur	B	Ljósberalag	2	Afturmjó, hliðar halla út
B	Í skauti - saman	c	Vinstri fótur yfir hægri	C	Sexhyrningur	3	Hliðar og gaflar halla út
B1	Í skauti - í kross	d	Annað	D	Átthyrningur	4	Gaflar halla út
C	Á maga - saman			E	Ekki greind		
C1	Á maga - vinstri hendi ofar						
C2	Á maga - hægri hendi ofar						
D	Á brjósti - í kross						
D1	Á brjósti - að hliðum						

Tafla 1. Hér sést hvernig líkkistugerðir og mismunandi stellingar handa og fóta eru flokkaðar; en stuðst er við flokkun frá Skriðuklaustri (sjá t.d. Lilja Laufey Davíðsdóttir, 2008; Steinunn Kristjánsdóttir, 2012).

- Kistur með „gömlu lagi“
 - Stokkalaga – ferhyrnt þversnið
 - Ljósberalag – sexhyrnt þversnið með kassalaga botn
- Kistur með „nýju lagi“
 - Sexhyrningur – sexhyrnt þversnið (nýja lagið eða stofulagið)
 - Átthyrningur – átthyrnt þversnið
 Hið svokallaða „gamla kistulag“ er talið hafa verið í notkun á miðöldum og lengur. Algengast

mun hafa verið svonefnt ljósberalag, notað allt fram til um 1800. Tvær gerðir virðast hafa verið til af ljósberalaginu. Annars vegar sexhyrnt, þar sem botninn var kassalaga en hliðar látnar dragast nokkuð að sér að flatrí miðfjöl (Dagný Arnarsdóttir, 2006:10-11; Kristján Eldjárn, 1988:137-143). Þetta lag er reyndar nefnt stokkurur með ljósberaloki í bókinni um Skriðuklaustur (Steinunn Kristjánsdóttir, 2012:188). Afbrigði af ljósberalagi virðist hafa verið kista með fimm



Mynd 72. Helstu líkkistugerðir sem fundust við uppgröftinn á Bessastöðum. Af gerð A voru 3-4 kistur; af gerð B var 1-2 kista; af gerð C1 voru 13 kistur; og af gerð C2 6 kistur. Gerð C3, með hliðar og gafla sem hallaði út, var lang algengust. Greindust 67 slíkar kistur. Nokkrar kistur var ekki unnt að greina með vissu til ákveðinnar tegundar.

hliðum, þannig að kistan var í þverskurði eins og gaffl á burstabæ. Þá er botninn kassalaga en tvær fjalir í lokinu láttnar mætast yfir kistunni miðri (Árni Björnsson, 2007:394-395; Steinunn Kristjánsdóttir, 2012:188). Nýja lagið, svonefnda, þar sem hliðar efri og neðri hluta kistunnar hallar út frá miðfjöl og mætast um miðju er yfirleitt talið hafa komist í tísku eftir 1720, og þá fyrst einkum meðal heldra fólks. Gamla kistulagið virðist hafa verið talið íslenskur siður því að í Íslenskum þjóðháttum er talað um að hið erlenda líkkistulag hafi farið að tíðkast um 1800 (Dagný Arnarsdóttir, 2006:10-11; Jónas Jónasson, 1961:302-303).

Hliðar á kistunum gátu verið samsíða (1) eða mjókkað til fóta með beinum göflum (2). Þegar gaflar drógust að sér eða mjókkuðu að ofan og neðan varð langsnið kistunnar líka sexstrent. Það mótsvarar hinu nýja lagi sem lýst hefur verið eins og tveimur trogum, þar sem öðru var hvolft yfir hitt (Árni Björnsson, 2007:394) og er hér nefnt gerð (C3).

Ofangreind skilgreining virðist falla allvel að gröfunum sem fundust á Bessastöðum. Að undanskildu samsafni beina úr þremur til fjórum einstaklingum í gröf 13 höfðu allir sem fundust við uppgröftinn verið lagðir í líkkistu. Langflestar kisturnar eða 78% voru af gerð C3, þ.e. þær voru sexstrendar í þverskurði og 74% þeirra mjókkuðu til fóta og allar hliðar drógust að sér. Kassalaga kistur voru 4% og kistur með ljósberalagi voru aðeins 2%. Kistur með jafnbreiðar hliðar voru 19% og sexstrendar kistur með beina gaffla voru 6%. Aðeins voru örfáar kistuleifar teknar til varðveislu.


Legu líksins í kistu

Þar eð hefðir við að búa um lík í kistum hafa tekið breytingum í tímans rás, er hægt að nota þær til þess að áætla aldur grafarinnar. Þannig hafa mismunandi handastellingar sem fundist hafa í gröfum við fornleifarannsóknir verið flokkaðar niður. Gerður er greinarmunur á fjórum helstu handastellingum, A–D, sem er svo hægt að greina í undirflokk. Þessi greining virðist ekki síður eiga við hér á Íslandi og má sjá hvaða venjur voru algengastar á hverjum tíma í sambandi við það hvernig lík voru lögð til (mynd 73). Samkvæmt

þessu hafa hendur látinna verið lagðar til ofar og ofar á líkamanum eftir því sem nær dregur í tíma. Í byrjun miðalda og fram á fyrri hluta 13. aldar voru flest lík lögð til hvílu með hendur niður með síðum (A). Frá 12. öld var farið að leggja hendur í skaut og á Norðurlöndum virðist sá siður hafa verið ríkjandi á 13. og 14. öld (B). Á 15. og 16. öld varð síðan algengast að leggja hendur yfir magann eða yfir brjóstið (Dagný Arnarsdóttir, 2006; Gräslund, 1978; Jacobzon og Sjögren, 1982:118-120; Kieffer-Olsen, 1993:21-24; Lilja Laufey Davíðsdóttir, 2008; Redin, 1976; Steinunn Kristjánsdóttir, 2012:185-189).

Á 18. öld var krosslagning handa orðin algeng, eins og sást t.d. í kirkjugarðinum í Skálholti (Kristján Eldjárn, 1988:143). Í Íslenskum þjóðháttum kemur fram að á 19. öld var búið um lík í kistu þannig að líkið var lagt á bakið og hendur krosslagðar á brjóstinu, þannig að fingurgómar nái út að öxlum neðanvert við viðbeinið hvoru megin. Þess er þó einnig getið að undir lok 19. aldar hafi verið farið að leggja hendurnar niður með mjöðmum (Jónas Jónasson, 1961:301). Með því virðist sem siðvenja í sambandi við handasetningu í kistum sé komin í heilan hring.

Í 38 kistum sem opnaðar voru á Bessastöðum hafði aðeins ein beinagrind (2%) hendur niður með síðum og tveir einstaklingar (5%) virtust hafa verið með hendur á lendum. Þrír einstaklingar (8%) lágu með hendur á maga, og þrír einstaklingar voru með krosslagðar hendur á brjósti, eins og algengast á að hafa verið á síðustu öldum. Flestir eða 29 (70%) einstaklinga höfðu verið lagðir til í kistunni með hendur í skauti, ýmist saman (39%), eða í kross (37%). Samkvæmt ofangreindri flokkun um að greina aldur mannabeina út frá handastellingu ættu flestar beinagrindurnar að vera frá 12.–15. öld, sem er nokkuð á skjön við það sem talið var í fyrstu. Við nánari skoðun kom í ljós að flestar beinagrindur sem höfðu hendur í skauti voru jarðsettar norðan við kirkjuna (Lilja Laufey Davíðsdóttir, 2008:58). Hugsanlega tilheyrja því þeir sem jarðsettir voru norðan við kirkjuna eldra tímabili en þeir sem grafnir voru austan við hana. Þar benda byggingar konungsgarðsins, sem stóðu skammt austan við kirkjuna fram undir 1760, ótvírátt til



Mynd 73. Dæmi um mismunandi handastellingar í íslenskum gröfum og hvenær þær voru algengastar (Lilja Laufey Davíðsdóttir, 2008:61).

Þess að kirkjugarðurinn hafi ekki verið stækkaður til austurs fyrr en eftir að Bessastaðastofa var reist um 1760 (Guðmundur Ólafsson, 2010:91).

Fótastelling var ýmist beinir samsíða fætur eða krosslagðir. Samkvæmt athugunum Kristjáns Eldjárns var þá hægri fótur ávallt ofan á vinstra fæti (Kristján Eldjárn, 1988:143) en samkvæmt nýlegri könnun gátu fætur verið lagðir til með þrenns konar hætti. a) Hægri fótleggur lagður yfir þann vinstri; b) Beinir fætur; c) Vinstri fótleggur lagður yfir þann hægri (Dagný Arnarsdóttir, 2006:13; Steinunn Kristjánsdóttir, 2012:193). Hér er gert ráð fyrir flokki d) fyrir aðra möguleika þar sem ein beinagrind var með fætuna aðeins uppþregna til hliðar. Að öðru leyti voru aðeins tveir einstaklingar með krosslagða fætur og lá hægri fótur yfir þann vinstri. Af 37 kistum þar sem hægt var að greina fótastellingu á Bessastöðum voru 34 beinagrindur með samsíða fætur.

Umbúnaður í kistu


Á 17. og 18. öld mun hafa verið algengt að leggja tré- eða hefilspæni á botn kistunnar, eins og í ljós hefur komið við fornleifarannsóknir t.d. í Skálholti og í Hólskirkju (Garðar Guðmundsson et al., 2005:98; Kristján Eldjárn, 1988:144). Á 19. öld var þessi siður enn við lýði og hans er getið í Íslenskum þjóðháttum. Þar er einnig sagt að lak hafi verið breitt yfir spænina og svæfill með tréspónum lagður við höfðalagið (Árni Björnsson, 2007:395; Jónas Jónasson, 1961:305). Í líkkest-

unum á Bessastöðum fundust í mörgum tilvikum hefilspæni á kistubotni undir beinunum en ekkert var eftir af laki eða svæfli, sem hugsanlega hefur verið þar. Í að minnsta kosti sjö kistum hafði viðarkolum verið dreift yfir kistubotninn og að minnsta kosti í einni kistu hafði viðarkolum einnig verið dreift yfir líkið. Sá siður að strá viðarkolum í kistur eða á botn grafa er ævaforn og hefur verið rakinn aftur fyrir Krists burð. Hann hefur þekkt á Norðurlöndum a.m.k. fram á 12. öld. Þessi siður mun oftast talinn hafa átt að tákna hreinsun sálarinnar meðal kaþólskra en einnig hefur verið talið að kolin hafi átt að eyða nálykt eða að þau hafi einkum verið sett í grafir efnamanna (Kieffer-Olsen, 1993:166; Mårtensson, 1976:112-113; Steinunn Kristjánsdóttir, 2012:193).


Umræða um grafir

Þegar aldursskipting grafanna er skoðuð vekur það athygli hve margar barnagrafir virðast vera í kirkjugarðinum. Vegna þess að fáar barnakistur voru opnaðar er hér metið út frá stærð kistunnar hvort hún er talin hafa verið fyrir barn eða fullorðinn. Mörkin eru hér miðuð við að kista sem var undir 1,5 m að lengd hafi tilheyrt barni eða unglingi. Aðeins ein kista, nr. 87 var 1,5 m að lengd, en sex kistur voru milli 1,4-1,45 m að lengd. Tvær af þessum minni kistum voru opnaðar, kista 14 var 1,44 m og kista 16 var 1,48 m að lengd. Reyndust vera börn í báðum þeirra.

Samkvæmt þessari skilgreiningu voru því 46 kistur, eða 40% grafanna taldar til barnagrafa, 59 grafir, eða 51% tilheyrðu fullorðnum einstaklingum, og 10 grafir, eða 9% grafanna var ekki hægt að greina með vissu vegna þess að svo lítil hluti þeirra var sýnilegur að ekki var unnt að sjá hvort þær höfðu tilheyrt barni eða fullorðnum. Þetta háa hlutfall barnagrafa getur átt sér fleiri en eina skýringu en líklega endurspeglar það bara þann nóturliga veruleika að á Íslandi var eitt hæsta hlutfall ungbarnadauða í Evrópu á 19. öld (Ólöf Garðarsdóttir, 2002:217).



Mynd 74. Skífurit sem sýnir hlutfall milli barna og fullorðinna einstaklinga sem fundust í kirkjugarðinum á Bessastöðum og grafa sem var ekki hægt að greina.



Tafla 2. Yfirlit yfir helstu gripaflokka sem fundust við uppgröftinn 1988. Mest fannst af leirkerabrotum (166) og nögllum (85), en sérstaka athygli vekur hve mikið fannst af textílleifum (36) og lúxusvarningi eins og ofnflísnum (18) og passaglösnum (18).

3. kafli – Gripir

Áður en úrvinnsla rannsóknargagna hófst var erfitt að tengja einstaka gripir við ákveðin mannvistarlög og því oft erfitt að tímasetja þá eða setja í ákveðið fundasamhengi. Það hefur m.a. staðið nokkuð í vegi fyrir að hægt væri að gera sértækar rannsóknir á gripum frá Bessastöðum. Rétt er þó að nefna rannsóknir Kevins P. Smith á leirkerum og krítarpípum (Smith, 1987), Guðrúnar Sveinbjarnardóttur og Sigríðar Þorgeirsdóttur á leirkerum (Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1996; Sigríður Þorgeirsdóttir, 2009), og Anouchka Hrdy á kvarnarsteinum (Hrdy, 2009). Að undanfögnu hefur Michèle Hayeur Smith rannsakað textílleifar úr uppgreftinum, sem hægt var að setja í rétt jarðlagasamhengi. Fyrstu niðurstöður hennar um textíla sem fundust árið 1988 eru mjög áhugaverðar og birtast hér sem sérstök grein á bls. 93-109. M.a. kom í ljós að þarna var hluti af eina miðaldakjólnum sem fundist hefur til þessa á Íslandi. Niðurstöður Michèle eru sérlega spennandi og lofa mjög góðu um framhald rannsókna á jarðfundnum textílum á Íslandi.

Aðeins voru 361 fundanúmer skráð við uppgreftinn árið 1988. Í sumum tilvikum voru þó fleiri en einn gripur eða brot skráð á sama númer, þannig að heildarfjöldi gripa er um 500. Þetta eru afar fáir gripir í hlutfalli við umfang uppgrafarsvæðisins og stafar fyrst og fremst af því að stór hluti uppgrafarsvæðisins var öskuhaugur sem grafinn var upp með aðstoð vélgröfu. Það var meðvitað ákvörðun um að takmarka söfnun gripa úr honum, þar eð miklar tafir hefðu að öðrum kosti orðið á framkvæmdum. Gripasöfnun var því takmörkuð við úrval gripa sem kom í ljós í kjölfar vélskóflunnar. Þetta breyttist þegar komið var dýpra og farið að grafa með múrskleidum, einkum á svæði U12. Þar fundust líka einstaklega áhugaverðar lífrænar leifar í neðstu mannvistarlögnum við snið T-1988-2. Hér verður aðeins getið helstu gripa og gripaflokka sem fundust árið 1988 en annars vísað til fundaskrár í viðauka á bls. 113-120, þar sem einnig er reynt að aldursgreina gripina, og til gagnagrunnsins Sarps þar sem gripirnir eru skráðir með ítarupplýsingum undir rannsóknarnúmerinu Þjms 1988-213.


Leirmunir

Nær helmingur allra skráðra gripa úr uppgreftinum voru leirkerabrot. Flest brotin voru pottbrot úr rauðleir frá 18. öld og komu úr efstu lögum sorphaugsins á svæðum U12-U14. Elstu brotin á þessum svæðum voru þó frá síðari hluta 15. aldar og þau yngstu frá 20. öld. Gerðfræðilega virtust flest brotin þarna vera yngri en þau sem fundust á svæði U9 árið 1987.

Næst algengust voru hornmáluð leirkerabrot sem byrjað var að framleiða í lok 17. aldar (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2009:100-113). Greinilegt virtist af leirkerabrotunum sem fundust á Bessastöðum og víðar að innflutningur á leirilátum til Íslands var umtalsverður frá miðöldum og síðar, þó að þess sé ekki getið í ritheimildum fyrr en um miðja 19. öld (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2009:111-112).

Merkustu leirbrotin sem fundust þarna voru þó líklega ekki úr ílátum, heldur úr kakalofnum. Um 1700 voru slíkir ofnar mjög fáséðir á Íslandi og taldi Árni Magnússon árið 1703 að á landinu öllu væru aðeins 7-8 bæir með „kackelounsstuer“ (Kålund, 1916:60). Auk Bessastaða hafa á undanförunum árum fundist brot úr ofnflisum við rannsóknir í Viðey, Neðra-Ási, Skálholti og á Hólum (Auður Jóhanna Blöndal, 2005:1). Á Bessastöðum fundust 18 brot, flest á svæði U12 en nokkur á svæði U14. Þau eru líklega úr fjórum mismunandi ofnum frá 16. eða 17. öld, sem sýnir ríkidæmi sem mun vart hafa átt sér nokkra hliðstæðu annars staðar á landinu á þessum tíma.

Á mynd 75, efst til vinstri, er brot af svartglerjaðri ofnflís úr öðrum ofni þar sem myndefnið er úr myndröðinni lífdagar mannsins, þ.e. er syrpa af myndum sem sýna manninn á mismunandi aldurs skeiði, og er tímasett frá síðari hluta 16. aldar til fyrri hluta 17. aldar. Á brotinu má lesa töluna 100 og þar fyrir neðan orðið GNAD, eða náð. Merkingin er talin vera sú að fyrir 100 ára gamlan mann sé dauðinn náðargjöf. Hægra megin er brot úr óglerjaðri ofnflís frá síðari hluta 16. aldar sem ætla má að hafi staðið í konungsgarðinum. Flísin er úr syrpu mynda sem lýsa dæmisöggunni um glataða soninn og þar sést guðleg vera í bogahvelfingu með



Mynd 75. Ofnflisar. Efst til vinstri er svartglerjuð ofnflís (Þjms 1988-213-180) frá um 1550-1650. Til hægri er ofnflís án glerungs (Þjms 1988-213-185) úr móðskulagi á svæði U12 frá síðari hluta 16. aldar. Í miðið eru grænglerjaðar flísar með hringjamunstri (Þjms 1988-213-30 og Þjms 1988-213-310). Í neðstu röð eru grænglerjaðar flísar með tígulmunstri og blómavafningi (Þjms 1988-213-181, 182 og 184).

útréttan arm við að blessa eitthvað sem er neðar á flísinni (Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1996:63, 178 og 180).

Annar gripaflokkur úr brenndum leir er krítarpípur sem er algengt að finna í mannvistarlögum frá 16.-18. öld. Hér fundust 32 krítarpípubrot, flest á svæði U12 en nokkur á svæði U14. Þau

voru yfirleitt úr hollenskum pípum, látlausum og án skrauts, frá borginni Gouda, og voru nokkur brot með stimpli sem sýndi það.

Gler

Nokkuð fannst af flöskubrotum, einkum vínfloškum, en einnig dálítið af lyfjafloškum.



Mynd 76. Eftirlíking af passaglasi. Glerið í brotum passaglasanna frá Bessastöðum er mun þynnra og finna en í endurgerðinni.


Óvenju mörg brot fundust úr passaglösum, eða tuttugu og sex talsins. Öll fundust þau í öskuhaugalögum á svæði U12. Passaglös voru upphá drykkjarglös úr grænleitu gleri, oftast með kantadár hliðar. Einkennandi fyrir glösin eru utánliggjandi glerþræðir sem liggja eins og þverstrik með mislöngu millibili. Þau voru afar verðmæt og voru algeng meðal evrópskra höfðingja á 16. og 17. öld en voru í notkun allt fram á 18. öld. Nýlegar rannsóknir benda til þess að passaglös hafi verið algengari á Norðurlöndum en áður var talið og gjarnan notuð undir sterkan bjór. Þau höfðu hins vegar ekki fundist á Íslandi fyrr en



Mynd 78. Gluggaumgjörð úr blýi fyrir tígullaga gluggarúðu sem fannst á svæði U12 (Þjms 1988-213-219). Gæti hafa tilheyrt landfógetabústað konungsgarðsins. Leifar af rúðu eru enn fastar í kjarnanum.

við þessa rannsókn og undirstrika stöðu Bessastaða sem höfðingjaseturs.


Fundarstaðurinn, norðan við landfógetabústaðinn, bendir til þess að passaglösin hafi helst verið notuð þar. Þó að engar heimildir hafi fundist um beina notkun passaglasa hér á landi hafa menn þó þekkt til þeirra eins og kemur fram í frásögn Jóns Ólafssonar Indíafara, þar sem segir: „Hún sagði mér heimilt eitt passaglas fullt af öli“ (Guðmundur Ólafsson, 2010:123-124; Haggrén, 2010:127-129; Jón Ólafsson, 1946:81). Við fornleifarannsóknir á undanförunum árum munu hafa bæst við tveir staðir þar sem fundist hafa brot úr passaglösum. Nokkur brot munu hafa fundist á Hólum í Hjaltadal og a.m.k. eitt brot úr passaglasi fannst í Skálholti (Ragnheiður Traustadótt-



Mynd 77. Brot úr þremur passaglösum með þverstrikum (Þjms 1988-213-201, 216 og 331).



